


# Skólanámskrá

Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

Skólaárið 2019–2020

1. – 4. bekkur



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
Meginreglur Hjallastefnunnar .....	6
Kynjanámskrá .....	7
Grunnþættir aðalnámskrár og kynjanámskrá Hjallastefnunnar .....	8
Hjallískt starf.....	15
Nám og kennsla.....	16
Próunarstarf.....	16
Námsgögn .....	16
Byrjendalæsi .....	16
Numicon.....	17
Kennsluhættir .....	17
Heimanám .....	17
Sérkennsla.....	18
Lesferill .....	18
Námsmat .....	19
Leiðsagnarmat.....	19
Lykilhæfni.....	20
Lykilhæfni - samþætting kynjanámskrár Hjallastefnunnar.....	21
Matsþættir – lykilhæfni.....	23
Kannanir og próf – skimanir- og stöðupróf .....	24
Viðmiðunarstundaskrá .....	26
Námshæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla 1.–4. bekkur .....	27
Íslenska .....	27
Stærðfræði.....	27
Náttúrufræði .....	27
Heimilisfræði .....	28
Íþróttir – líkams- og heilsurækt.....	28
Samfélagsfræði .....	28
Upplýsinga- og tæknimennt.....	28
Tónmennt .....	29
Leikræn tjáning .....	29
Myndmennt og textílmennt.....	29
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði .....	29
Lífsleikni .....	29
Erlend tungumál - Enska.....	30
Kjarnanámskrá 6 ára börn.....	31

Lykilhæfni - kynjanámskrá .....	31
Íslenska .....	32
Stærðfræði.....	34
Náttúrufræði .....	36
Samfélagsfræði .....	36
Íþróttir – líkams- og heilsurækt.....	37
Upplýsinga og tæknimennt .....	37
Tónmennt .....	38
Myndmennt og textílmennnt.....	38
Leikræn tjáning .....	38
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði .....	39
Heimilisfræði .....	39
Kjarnanámskrá 7 ára börn.....	40
Lykilhæfni – kynjanámskrá .....	40
Íslenska .....	41
Stærðfræði.....	43
Náttúrufræði .....	45
Heimilisfræði .....	45
Íþróttir – líkams- og heilsurækt.....	46
Samfélagsfræði .....	47
Upplýsinga og tæknimennt .....	47
Tónmennt .....	48
Myndmennt og textílmennnt.....	48
Leikræn tjáning .....	48
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði .....	49
Erlend tungumál – Enska .....	49
Lífsleikni .....	49
Kjarnanámskrá 8 ára börn.....	50
Lykilhæfni – kynjanámskrá .....	50
Íslenska .....	51
Stærðfræði.....	54
Náttúrufræði .....	56
Lífsleikni .....	56
Íþróttir – líkams- og heilsurækt.....	57
Samfélagsfræði .....	58
Upplýsinga og tæknimennt .....	58
Heimilisfræði .....	59

Tónmennt .....	59
Myndmennt og textílmenn .....	59
Leikræn tjáning .....	60
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði .....	60
Erlend tungumál - Enska .....	60
Kjarnanámskrá 9 ára börn .....	61
Lykilhæfni - kynjanámskrá .....	61
Íslenska .....	62
Stærðfræði .....	64
Náttúrufræði .....	67
Dans .....	69
Leiklist .....	69
Sjónlistir .....	70
Tónmennt .....	70
Heimilisfræði .....	70
Hönnun og smíði .....	71
Textílmenn .....	72
Íþróttir – líkams- og heilsurækt .....	73
Samfélagsgreinar .....	74
Upplýsinga- og tæknimenn .....	76
Sköpun og miðlun .....	76
Viðauki A: Skólanámskrá og viðmið .....	77
Viðauki B: Viðmiðunarstundaskrá og viðmið .....	80
Viðauki C: Menntastefna skóla og viðmið .....	84
Viðauki D: Grunnþættir menntunar og viðmið .....	85
Viðauki E: Náms svið, námsgreinar og viðmið .....	89
Viðauki F: Hæfni ( <i>lykilhæfni</i> og <i>námshæfni</i> ) og viðmið .....	91
Viðauki G: Námsmat, námsmatskvarðar og viðmið .....	94

# Inngangur

Skólanámskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði inniheldur rökstuðning á starfsemi skólans. Dregnar eru fram sérstöður og staðbundnar aðstæður skólans. Skólanámskráin er upplýsingarit fyrir foreldra, kennara og aðra starfsmenn skólans. Skólanámskrána fá foreldrar afhenta að hausti. Eintak af skólanámskránni er afhent skólaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar, skólanefnd Barnaskóla Hjallastefnunnar ehf. sem og skólaráði skólans sem hafa hana til umsagnar. Skólanámskráin tekur á öllum þáttum starfsins og er bundin af aðalnámskrá grunnskóla og lögum um grunnskóla.

Samkvæmt lögum skal árlega gefa út skólanámskrá í hverjum skóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir því að hún sé unnin, gefin út og kynnt. Skólanámskrá skal vera nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla en jafnframt gefur hún kost á að laga fyrir mæli aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum, draga þessi sérkenni fram og nýta þau til að efla nám og kennslu. Vönduð skólanámskrá er ein forsenda þess að markmiðum aðalnámskrár verði náð og skólar njóti trausts. Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð megináhersla á að námsmarkmið séu sett fram á skýran hátt þannig að hvorki kennarar, nemendur né foreldrar velkist í vafa um hvaða kröfur eru gerðar til nemenda og skóla. Sömu kröfur eru gerðar til skólanámskrár. Aðalnámskrá setur skólum almenn viðmið en það er aftur á móti hvers skóla að útfæra þau nánar í skólanámskrá bæði með tilliti til þess nemendahóps sem stundar nám við skólann sem og þeirra kennsluhátta sem skólinn aðhyllist.

Í skólanámskrá birtist stefna skólans og þau gildi sem hún grundvallast á og hvernig skólinn útfærir ýmis almenn og fagbundin markmið aðalnámskrár, skipulag kennslu og kennsluhætti. Einnig skal fjalla þar um sjálfsmatsáætlun og tilhögun námsmats.

Í skólanámskrá þarf að koma fram lýsing á samsetningu námshópa og bekkjaskipan og rök skólans fyrir þeirri skipan. Jafnframt hvernig skólinn hyggst stuðla að jákvæðum og lýðræðislegum skólabrag. Brýnt er að skóli rækti tengsl við ýmsa aðila utan skólans. Því þarf að lýsa í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst vinna með heimilum. Við framsetningu markmiða í aðalnámskrá er miðað við að þorri nemenda nái þeim markmiðum á svipuðum tíma. Hins vegar er ljóst að sumir nemendur ná settum markmiðum á mun skemmri tíma, aðrir þurfa lengri tíma. Í skólanámskrá þarf að koma fram hvernig skólinn hyggst mæta mismunandi þörfum nemenda.

Skýlt er að leggja skólanámskrá fyrir foreldraráð skólans til umsagnar ár hvert með góðum fyrirvara auk þess að kynna hana fyrir nemendaráðum. Að loknu umsagnarferli skal skólanámskrá lögð fyrir skólanefnd til samþykktar (aðalnámskrá grunnskóla, 2011)

# Meginreglur Hjallastefnunnar

Meginreglurnar eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnuskóla. Þær eru í reynd bæði stefnuyfirlýsing og hugmyndafræði skólanna og fela í sér þá lífssýn og mannskilning sem allt starfsfólk sameinast um. Meginreglurnar eru í skýrri forgangsröð þar sem fyrstu reglurnar hafa skýran forgang og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Jafnframt er fyrsta reglan innsti kjarni starfsins og koll af kolli umlykur hver regla þá næstu á undan.

## Meginregla: Börn og foreldrar

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

## Meginregla: Starfsfólk

Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.

## Meginregla: Umhverfi

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

## Meginregla: Efniviður

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

## Meginregla: Náttúra

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

## Meginregla: Samfélag

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

# Kynjanámskrá

Kynjanámskráin er birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti stúlkna og drengja. Í kynjaskiptu skólustarfi er markmiðið að gera báðum kynjum jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum stúlkna og drengja. Jafnframt er markmiðið að gefa þeim kost á að starfa og leika á eigin forsendum þar sem menning beggja kynja er virt og viðurkennd. Þessu til viðbótar er gengið út frá þeirri kennisetningu Hjallastefnunnar að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi kynhlutverka og kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kynferðis. Hjallastefnan mætir þessu með að þjálfra bæði kyn í öllum mennskum eiginleikum og eru loturnar okkar kennslutæki til þess.

## **Lota – félagslegir eiginleikar**

Agi; virðing, hegðun, kurteisi, framkoma.

Hvers kyns fyrirmælaæfingar, kátar og líflegar. Fyrirmælaæfingar má gera við allar aðstæður, í samverum, þrautabrautum, í útihlaupum, við upphaf og lok hópatíma og á valfundum. Umræða um orðin sem fylgja lotunni, hvað þau þýða og hvernig við notum þau í daglegu lífi. Þetta á við orðin í öllum lotunum sex. Fyrirmælin verða flóknari eftir því sem börnin eldast t.d. 6 ára börn fá fyrirmæli sem eru ein skilaboð í einu. Síðan bætast við skilaboðin og fyrirmælin verða flóknari. Eins er með orðin fjögur sem eru tekin fyrir í lotunni.

## **Lota – einstaklingseiginleikar**

Sjálfsstyrking; sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning.

Alls kyns framsögn, þau yngstu byrja á því einfalda, t.d. að standa upp og segja nafnið sitt. Eftir því sem þau eldast segja þau litlar sögur upp í það að kynna verkefni sem þau hafa verið að vinna. Beina athyglinni að einu og einu barni í einu og leyfa því að vera stjarna dagsins.

## **Lota – félagslegir eiginleikar**

Samskipti; umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða.

Hjálpa vinkonum sínum og vinum að ýmsu leyti, æfingar eins og að leiða „blinda/n“ sem reynir mikið á samvinnu og traust. Eiga „leyndarmál“ með hópnnum sínum sem hefur góð áhrif á samkenndina, eiga saman leynistað eða leynilag.

## **Lota – einstaklingseiginleikar**

Jákvæðni; bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskiptni.

Mikill söngur, dans og hreyfing. Nota jákvæð orð um sjálfan sig og aðra. Taka neikvæðar setningar og snúa þeim við yfir í jákvæðar. Brosa og hlæja mikið.

## **Lota – félagslegir eiginleikar**

Vinátta; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur.

Aðstoða vinkonur og vini á ýmsan hátt. Búa til vinabönd og gefa, mála hvort annað með andlitslitum, nudda hendur og fætur með kremi, greiða hvort öðru.

## **Lota – einstaklingseiginleikar**


Áræðni; kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði.

Æfa kjarkinn sinn, hlaupa berfætt/ur í snjónum, öskra upp í vindinn, dansa berfætt/ur með hveiti eða kornflex á gólfinu, hoppa niður af einhverju.

# Grunnþættir aðalnámskrár og kynjanámskrá

## Hjallastefnunnar

Hér má sjá hvernig grunnþættir aðalnámskrár og kynjanámskrá Hjallastefnunnar ríma saman.



*Hér á eftir er farið lauslega yfir sameiginlegan kjarna í hverjum kynjanámskrárþætti svo og samsvarandi grunnþætti í aðalnámskrá. Jafnframt er farið yfir hvaða þættir tengjast hvaða meginreglu Hjallastefnunnar.*

Agi/læsi:	Að börn læri að sýna virðingu, einbeita sér og fylgja fyrirmælum. Þau þjálfist í læsi á umhverfið og geti lesið og miðlað.
Sjálfstæði/sjálfbærni:	Að börn þjálfist í sjálfstæði. Þau læri að vera meðvituð um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar.
Samskipti/lýðræði og mannréttindi	Að börn læri að sýna umburðarlyndi, hjálpsemi, gagnrýna hugsun og víðsýni.
Jákvæðni/jafnrétti:	Að börn læri að tileinka sér jákvæðni, að sýna félagslega færni og þjálfist í að vera meðvituð um jafnrétti.
Vinátta/heilbrigði og velferð:	Að börn þjálfist í að bera virðingu fyrir sjálfum sér og læri að sýna öðrum samkennd og umhyggju.
Áræðni/sköpun	Að börn þjálfist í að sýna frumkvæði, kraft, sköpun og að taka áskorunum.



## **Agi - læsi**

Agahugsjón Hjallastefnuskóla byggir á að temja hinn skapandi og óendanlega sterka vilja sem hvert barn kemur með í farteskinu til að takast á við lífið.

Ofstýring og valdboð í skólasterfinu bæla og brjóta vilja barna sem mun þá finna sér duldar og faldar leiðir með neikvæðum afleiðingum fyrir viðkomandi einstakling.

Afskiptaleysi, ónákvæmni og skortur á eftirfylgd mun hins vegar leyfa viljanum að vaxa stjórnlaust með alvarlegum áhrifum á umhverfið sem geldur stjórnleysisins. Í

Hjallastefnustarfi er markmiðið að viljinn sé ræktaður á jákvæðan hátt með frelsi barna á þeim sviðum sem lúta að þeirra eigin réttindum en með skýrum reglum, samkvæmni kennara og skýrri eftirfylgd í samskiptum og umgengi í hópi.

Agakennsla Hjallastefnunnar byggir m.a. á að skapa skýran og einfaldan ramma í bæði umhverfinu og í framkomu og eftirfylgd kennara þar sem börn læra að „lesa“ skólann. Þar má nefna allar merkingar innan sem utan skólaveggja sem gefa sýnileg og nánast áþreifanleg skilaboð um það sem á að gerast og hvernig allt á að vera. Gangar eru merktir með umferðarlínum og örvum, utan á skápum má lesa hvað þeir geyma og alls staðar er merkt hvar hvað á að vera þannig að aldrei skapist óþarfa leit og óryggi vegna kæruleysis í umgengni um skólann og náms- og starfsgögnin. Börn fara í röðum milli staða í skólanum þegar á þarf að halda og einnig í öðru skólasterfi og þjálfast í skýrum og greinilegum umgengisreglum.

Á sama hátt og börnin „lesa“ umhverfið, eiga þau að getað „lesið“ kennara og annað starfsfólk skólans þar sem í agakennslu Hjallastefnunnar er lögð gríðarleg áhersla á samkvæmni og skýr fyrirmæli kennara til barna í öllum tilvikum þannig að börn viti ávallt nákvæmlega til hvers er ætlast af þeim í hinum ólíku skólaaðstæðum. Þessi skýru skilaboð ásamt r-reglum Hjallastefnunnar, röð, reglu og rútínu, eru forsenda þess að börnum takist vel til og nái að þjálfu hina jákvæðu hegðun í reglu í stað þjálfunar í óreglu þar sem óljóst umhverfi og augnablikshirðuleysi grefur undan skilningi barna á skólasterfinu. Því æfa kennarar og allt starfsfólk skýr og greinileg skilaboð og síðan fyrirsjáanleg viðbrögð til að fylgja þeim eftir. Grundvöllur þess er að allir séu samkvæmir sjálfum sér og samkvæmir þeirri skólamenningu sem byggð hefur verið upp – þar sem það sama gildir í dag og í gær. Þar með verður agaðþjálfunin að grundvelli táknlæsis þar sem bæði sýnilegu tákni og framkoma starfsfólks eru læsileg og skiljanleg vegna samkvæmninnar í röð, reglu og rútínu.

Þessi agaðþjálfun og agaði skilningur á skólaumhverfinu er nákvæmlega hinn sami og sá skilningur sem þarf til læsiþjálfunar í allra víðustu merkingu þess orðs samkvæmt aðalnámskrá og er einmitt fyrsti þáttur í grunnþáttunum sex í nýrri aðalnámskrá. Nákvæm vinna kennara í agaðþjálfun Hjallastefnunnar styður þannig ómetanlega við annað læsi hvort sem um lestrarþjálfun að ræða eða stafrænt læsi, táknlæsi, læsi á listir, læsi í samskiptum og þannig má lengi telja.

## **Sjálfstæði – sjálfbærni**

Hugsjónir um sjálfbærni eru nátengdar skilningi Hjallastefnufólks á sjálfstæði og sjálfstæðisþjálfun í annarri lotu kynjanámskrárinnar. Þannig má segja að sjálfstæði hvers og eins sé forsenda fyrir þeirri sjálfstæðu hugsun og sjálfstrú sem þarf til að vinna að sjálfbærni í víðustu merkingu þess orðs.

Sjálfstraustið byggir upp sjálfstæðið. Hverju barni er mætt á þess eigin forsendum, leitað er að styrkleikum hvers og eins og unnið samkvæmt þeirri lífsskoðun að allt vaxi og dafni sem fær athygli og stuðning. Starfshættir, sem leyfa öllum að hvíla í styrkleikunum sínum, munu sjálfkrafa draga úr veikleikum og áfram byggja upp sjálfstrúna sem er forsenda sjálfbærni í lífsviðhorfum; „ég skipti máli“ og ég get axlað ábyrgð.

Meðal annarra starfsþátta Hjallastefnunnar í sjálfstæðisþjálfun er að þjálfa börn og ungmenni til að skapa eigin lausnir eða leika og nema með opnum efnivið sem hefur ávallt ótal möguleika og ótal útkomur, allt eftir áhuga og aðstæðum hvers og eins. Þar með nýta Hjallastefnuskólar hvorki hefðbundin leikföng og hefðbundið efni barnamenningar (bækur, myndir o.s.frv.) né hefðbundnar námsbækur með eyðuútfyllingum og öðrum stöðluðum hugmyndum um námsferli barna. Markmiðið er að leggja ekki fyrirframgefnar hugmyndir og mótaðar fyrirmyndir í hendur barna þar sem aðrir, oftast fullorðnir, hafa ákvarðað hvernig ákveðin fyrirbæri skuli eiga sér stað og hvernig nám barna skuli þróast með stöðluðum leiðum. Á grundvelli þessa eignast börn þá dýrmætu reynslu að leita að eigin spurningum, eigin svörum og eigin lausnum fremur en að teysta á verksmiðjulausnir og aðkeyptar útkomur annarra sem á endanum býr til búðarhugsun og bíótilfinningar í allt samfélagið. Þessi skapandi sjálfstæðisþáttur Hjallastefnunnar gerir einstaklingum kleift að tileinka sér sjálfbæran hugsunarhátt og öryggi gagnvart eigin lausnum.

Í sjálfstæðisþjálfuninni er einnig mikil áhersla á úthald samkvæmt trúnni á eigin getu. Sú hugsun ásamt mótlætisæfingum agakennslunnar byggir upp þá seiglu sem dugar til að segja; „Ég gefst ekki upp og ég get leyst málin því að ég þori, get og vil“.

Loks er virðing fyrir umhverfi og náttúru innbyggt í hugmyndafræði Hjallastefnunnar þar sem hófsemi og nægjusemi er ástunduð og efniviður margnýttur og endurnýttur eftir föngum.

### **Samskipti – lýðræði og mannréttindi**

Meðal grundvallarþátta Hjallastefnunnar er sú lífstrú að sterkir einstaklingar geti byggt upp sterkt, félagslegt samfélag þar sem allir eiga sama rétt til að rödd þeirra heyrist og að umhverfið bregðist jákvætt við því sem hver og ein/n hefur fram að færa.

Samskiptaþjálfun þriðju lotunnar byggir ofan á agakennslu fyrstu lotunnar en velgengni hópsins þar í byrjun skólaársins ásamt stöðugri eftirfylgd kennarans, er forsenda fyrir því að samskiptamarkmiðin náist.

Öll lykilhugtökin fjögur eða lotulyklar samskiptanna snúast í reynd um lýðræði og mannréttindi. Umburðarlyndi gagnvart sjálfum sér og öðrum er m.a. þjálfað með orðalagsæfingum Hjallastefnunnar sem hjálpa börnum að taka létt á óhöppum og efla traust sitt á að betur gangi næst. Jafnframt er umræða um sérkenni allra í hópnum með veikleikum og styrkleikum grundvöllur að umburðarlyndi og kennsla um fjölbreytni mannlífsins þjálfar víðsýni og virðingu fyrir mannréttindum. Eins má nefna algjöra höfnun Hjallastefnunnar á blórabögglahugsun sem lykil að bæði jákvæðum samskiptum og réttindum allra í samfélaginu þar sem „hver byrjaði“ er aukaatriði, heldur er leitað leiða til að gera gott úr öllu og sættast heilum sáttum.

Hjálpssemi er virkur þáttur skólastarfsins því kennarar undirskipta mikið hópnum sínum í fámenna námshópa sem hjálpast að í lausn mála sem jafningjar. Samstaða er grundvöllur að skólastarfi kjarnans þar sem kennarinn heldur stöðugt um samskiptin og nýtir markvissar hópeflisæfingar og vináttuæfingar til að styrkja samstöðuna í hópnum og tryggja hið jákvæða samfélag Hjallastefnunnar. Þar liggur forvörn Hjallastefnunnar gegn ofbeldissamskiptum eins og fram kemur í áætlun Hjallastefnuskóla um viðbrögð við t.d. einelti. Þar er neikvæðum samskiptum hafnað, í hvaða mynd sem þau birtast, þar sem þau grafa undan velferð og vellíðan barna og þar með andlegu og síðar líkamlegu heilbrigði þeirra. Þar af leiðandi er öllum þeim aðstæðum breytt ef hin jákvæðu samskipti nást ekki og má þar nefna að frímínútur eru ekki viðhafðar heldur frjálst val um útitíma og að kennarar sinni börnum á útisvæði á sama hátt og annars staðar. Hinu kynjaskipta skólastarfi er ætlað að styðja bæði stúlkur og drengi á þeirra eigin forsendum og jafnframt að styðja þau frá hamlandi veikleikum í þeim ólíku heimum kynjameningar sem enn yfir undir gömul kynjahlutverk. Reglubundin kynjablöndun kennir síðan samskipti allt skólaárið þar sem kennarar vinna fyrst og fremst með samskiptamarkmið Hjallastefnunnar í blönduninni.

Lýðræði Hjallastefnunnar og samskiptaréttlæti felst m.a. í valkerfi sem tekur yfirráð af hinum fullorðna og gefur barni og börnum jákvætt vald til að stýra lífi sínu án þess að ganga á rétt annarra. Þannig eru daglegir valfundir Hjallastefnuskóla þar sem öll börn æfast í fundaformi og velja viðfangsefni sín fyrir tiltekinn tíma eftir fullkomlega réttlátu kerfi. Þar æfa þau í fyrsta lagi að vita vilja sinn með umhugsun um það sem er í boði og hvað þau kjósa fyrir sig þá og þá stundina. Í öðru lagi æfa þau sig í að koma skoðunum sínum á framfæri með lýðræðislegum hætti með að tala upphátt af ákveðni og hreinskiptni. Í þriðja lagi er valfundinum og valinu ætlað að hjálpa börnum að vinna úr mótlætinu sem óhjákvæmilega fylgir valfundum; að stundum eru aðrir búnir að fá það sem barnið hefði helst kosið sjálf. Þá kemur sú lýðræðisþjálfun að setta sig við það á jákvæðan hátt og muna að ávallt kemur annað tækifæri til að öðlast það sem ekki tókst núna. Stöðug þjálfun í að segja skoðanir sínar – og að hlusta á annarra skoðanir – er bæði samskiptaþjálfun og lýðræðisþjálfun. Æfingar Hjallastefnunnar í tjáningu fyrir framan hópinn eins og ræðumennska frá púlti eða frá miðju hópsins „á sólinni“ æfa líka þá grundvallarþætti sem lýðræðisleg samskipti krefjast.

Hið almenna fundaform er einnig notað til að halda lýðræðisfundi reglubundið þar sem allir kjarnar skólans ræða um ákveðin mál, sem varða skólann eða þá um málefni sem upp koma og þarfnast umræðu. Niðurstöður funda eru skýrar og skólastjórnendur taka mið af þeim við ákvarðanir. Öll börn skólans eru hluti af Nemendaráði til að forðast neikvæða samkeppni og lýðræðisfundirnir taka til umfjöllunar málefni Nemendaráðsins. Börnin taka þátt í gerð matseðla og eru höfð með í ráðum með vali, valdi og ábyrgð eftir fremsta megni.

Öll þessi þjálfun er grundvöllur að lýðræðishugsunum barna og þátttöku þeirra síðar meir í lýðræðislegum samskiptum og í öðrum þáttum í lýðræðissamfélagi.

## **Jákvæðni – jafnrétti**

Jákvæðniþáttur Hjallastefnunnar snýst bæði um viðhorf okkar gagnvart okkur sjálfum og líka um viðhorf okkar og hegðun gagnvart öðru fólki. Því má segja að þjálfun í jákvæðri afstöðu sé meðal annars lykill að farsælu lífi þar sem öllum ber sami réttur. Án jákvæðrar lífsafstöðu mun enginn geta þróað þá virðingu sem þarf til að jafnrétti ríki.

Jafnréttishugsjónin er einfaldlega eitt mikilvægasta markmið Hjallastefnunnar. Allt frá millimetralýðræði í leikskóla upp í lýðræðisfundi í grunnskóla er ávallt verið að tryggja börnum jákvæðar leiðir að því að njóta fullra réttinda innan skólans og þjálfa þau í að beita rétti sínum.

Hjallastefnan beitir kynjaskiptum hópum til að auka líkurnar á jafnrétti stúlkna og drengja. Þar gilda hin jákvæðu Hjallastefnuviðhorf að gefa báðum kynjum kost á að þroskast og dafna á eigin forsendum án afskipta eða truflunar frá gagnstæðu kyni en um leið að veita þeim sérstaka uppbót á þeim sviðum sem hafa galdið fyrir kynferði viðkomandi. Þar er öll kynjanámskráin uppbótarvinna sem sjálfkrafa vinnur gegn neikvæðum afleiðingum hefðbundinnar kynjamenningar þar sem drengir hafa verið sviknir um heiðarlegt félagsuppeldi og stúlkur verið sviknar um einstaklingsuppeldi. Þar með þarf ekki að fara gegn neikvæðum einkennum umræddrar kynjamenningar heldur styrkja á jákvæðan hátt það sem upp á vantar.

Í kynjaskiptu starfi fá öll börn að prófa og þróa eiginleika sína, áhuga, leiki, námssvið og verkefni þar sem þeirra eigin hugmyndir ráða ferðinni þar sem annað kynið einokar ekki sviðið á kostnað hins kynsins sem fær þá ekki tækifæri.

Blöndun kynjanna er síðan daglegt viðfangsefni þar sem kynin mætast og æfa samvistir. Markmið blöndunar er fyrst og fremst að skapa jákvæða mynd af hinu kyninu og komast frá þeirri togstreitu sem gjarnan þróast hjá börnum á grunnskólaaldri gagnvart gagnstæðu kyni. Blöndunarverkefni eru því látlausar jákvæðniæfingar og ef einhver neikvæðni gerir vart við sig í blöndunarstundum, er blöndunin hvíld um tíma og undirbúin vel fyrir næstu skref.

Kynjafræðsla er síðan jafnréttisþáttur kynjanámskrár þar sem fjallað er um hinar ýmsu hliðar misréttis og leiðir til betra lífs með tengingu við veruleika barnanna sjálfra. Fjallað er um kynjamálefni í ljósi fjölmiðla, menningu og lista, í uppeldi og skólastarfi, náms- og starfsvali, í eigin kynjaviðhorfum og staðalímyndum, stjórnámálum og samskiptum kynjanna svo dæmi séu tekin.

Auk jákvæðniviðhorfa Hjallastefnunnar eins og hún birtist í meginreglu tvö, eru hugtökin bjartsýni, gleði, ákveðni og hreinskiptni lotuhugtökin. Þau tvö síðarnefndu eru afar mikilvæg fyrir jafnréttisviðhorf og jafnréttisstarf.

Ákveðnin er þjálfuð til að allir geti tjáð sig og leitað réttar síns. Hreinskiptnin er æfð til að geta sagt hug sinn á jákvæðan hátt og án þess að vaða yfir annarra landhelgi á einhvern hátt eins og gerist þegar of lengi er þagað þar til dropinn fyllir mælinn með alvarlegum og neikvæðum afleiðingum.

## **Vinátta – heilbrigði og vellíðan**

Fyrsta og síðasta krafa Hjallastefnuskóla er að mæta hverju barni skilyrðislaust og tryggja að hlúð sé að velgengni hvers og eins. Þessi afstaða er kjölfestan fyrir velferð barna, hver kennari/hópstjóri og hver skóli ber ábyrgð á að fylgjast með hverju barni í samvinnu við foreldra og auk þess eru kannanir og gæðaeftirlit meðal leiða sem farnar eru til að gera það sem í mannlegu valdi stendur til að tryggja velferð allra.

Vellíðan barna leggur grunninn að bæði andlegu og líkamlegu heilbrigði þeirra. Vellíðan í skólum byggir Hjallastefnan ekki hvað síst á vináttulotunni þar sem hugtökin félagsskapur, umhyggja, nálægð og kærleikur eru nátengd því að hvert barn skynji sig algjörlega öruggt og elskað innan skólans með traustri og skilyrðislausri umönnun alls umhverfisins.

Vinna í smáhópum og stöðvavinna Hjallastefnuskóla er hluti af félagsþjálfuninni. Þar eru börn hvött til að vinna saman og treysta hvert á annað á meðan kennarinn er meira til aðstoðar. Traustsæfingar eru skipulagðar bæði í lotunni og eins sem hluti daglegar rútínu yfir tiltekið tímabil. Fullorðnir taka á móti börnum með faðmlögum og börnin æfa knúshringi þar til árangri er náð.

Stöðug þjálfun í jákvæðri orðanotkun styrkir vellíðan hvers barns og þá sérlega æfingar í fallettu orðalagi og viðbrögðum ef eitthvað gengur illa. „Þetta gengur betur næst“ eða „hann ruglaðist bara“ eru dæmi um orðalag Hjallastefnunnar til að börnum líði betur með mál sem koma upp í dagsins önn. Mistakaæfingar og mistakavikur eru síðan leið til að styrkja líðan barna enn betur gegn erfiðleikum og umburðarlyndi gagnvart sjálfum sér.

Enn einn afar mikilvægur þáttur í Hjallastefnustarfi er reglubundnar umræður kennara með hópnum um tilfinningar og líðan með hvert öðru og eins um líðan og verkefni sem verið er að fást við hverju sinni. Þessar umræður leggja grunninn að bæði velferð og heilbrigði. Aðrir þættir Hjallastefnunnar styrkja einnig þennan grunnþátt menntunar. Þar má nefna útikennsluna, daglega hreyfingu þar sem hver kennari fer út með sínum hópi og heimild barna til að fara og fá sér hlaupasprett hvenær sem þau finna fyrir óeirð og hreyfiþörf. Matarstaðlar Hjallastefnunnar eru einnig hluti af heilbrigðisstefnu okkar.

## **Áræðni og sköpun**

Áræðniþjálfun Hjallastefnunnar hefur oft verið lýst sem þjálfun í að þora að skapa eigið líf og að á grundvelli þess kjarks verði öll sköpun í víðustu merkingu þess orðs möguleg. Eiginleikarnir kjarkur, kraftur, virkni og frumkvæði eru þannig lykilþættir þess að skapa og endurskapa heima og að heiman á hvaða sviði sem er. Áræðnin er hápunktur kynjanámskrárinnar og byggir ofan það sem undan er gengið. Með því er tryggt að kjarkur og kraftur verði ekki yfirgangur á annarra kostnað og að virkni og frumkvæði sé beitt af tillitsemi við aðra og með hagsmuni heildarinnar í huga.

Í skipulagi Hjallastefnuskóla eru fjölmörg atriði sem tengja beint við áræðni og sköpun. Samvinna barna og kennara, stöðugt val, lýðræðisfundir og skólastarf án neikvæðra valdboða eru meðal lykilþátta til að bæla eða brjóta ekki þann skapandi vilja sem gefur áræðni til að lifa lífinu lifandi. Sama samvinna þar sem börn hafa stöðugt áhrif á umhverfi sitt kemur einnig í veg fyrir að barn þrói með sér mótþróa sem mun ekki gagnast til framtíðar. Skapandi efniviður og skapandi kennsluhættir án of mótandi bóka styður einnig við áræðni og sköpun. Áherslan á smíðjur í skólastarfinu eru einnig skýr skilaboð þar sem hópatímar eftir hádegi flesta daga í lotum eru helgaðir list- og

verkgreinum. Þar veita kennarar skólans og gestakennarar börnum nýja sýn og gefa þeim kost á nýrri og skapandi reynslu.

Í lotuvinnunni skipuleggja bæði kennarar og skólinn sem heild verkefni sem tengjast lykilhugtökunum. Frumkvöðlastarfi er gert hátt undir höfði með tilraunum, vinnu við nýjungar og heimsóknum á staði þar sem þau kynnast vinnulagi og verkferlum sem síðan geta hjálpað þeim að fá hugmyndir að nýskapandi lausnum. Áhersla er lögð á tækninýjungar þar sem börn eru ekki aðeins neytendur að tækniheiminum heldur einnig skapandi og virkir þátttakendur.

Allt almennt starf er síðan helgað því að ýta við frjókornum skapandi hugsunar með ögrandi, heimspekilegum umræðum og með að brjóta fastmótaða hugarramma um það hvað „má“ og hvað „má ekki“ með því að ganga út um glugga í stað hurða, hlaupa berfætt úti og snúa dagskránni á hvolf stöku sinnum.

### **Loturnar líka allt árið**

Mikilvægast er síðan að muna að þó svo að kynjanámskrá Hjallastefnunnar sé tekin í lotunum sex á hverju skólaári og grunnþættir menntunar tengdir þar saman, eru allir þættirnir jafnframt grundvöllur hvers skóladags. Þannig eru lotunum ætlað að skerpa sýn á hvern þátt og tryggja að hver um sig fái sérstaka athygli á tilteknum tímum og að með þeim hætti sameinist þeir smátt og smátt hverri námsgrein og öllum starfsþáttum. Þannig má segja að Hjallastefnuskólar eru ekki aðeins jákvæðir í janúar eða að sköpun eigi að bíða til vorsins í síðustu lotu. Þvert á móti eru bæði kynjanámskrá og grunnþættir menntunar ávallt kjarni skólastarfsins þó svo að kastljósinu sé beint sérstaklega að ákveðnum þáttum í tilteknum lotum til að kenna öllu skólasamfélaginu að samþætta þá inn í starfið smátt og smátt.

Hér er líka mjög mikilvægt að muna að árangur byggir á þeim sannindum að æfingin skapar meistarann. Því er það ekki kennslan í tiltekinni lotu eða í tilteknum hópatíma sem tryggir árangur, heldur stöðug eftirfylgd og áframhaldandi þjálfun. Hinn jákvæði Hjallastefnuagi í fyrstu lotu er gott dæmi hér að lútandi. Þótt að kennari hafi verið í móttöku barnanna sinna í fjórar vikur og fylgt eftir umgengnisreglum í forstofu/fatarými, mun það ekki duga fyrir veturinn. Áfram þarf að fara fram, fylgjast með, minna á og hvetja til dáða og hér skiptir aldur barnanna ekki máli – eftirfylgd og æfingarlögmálið gildir upp í 16 ára aldurinn og trúlega enn lengur.

# Hjallískt starf

## Blöndun

Blöndun er einn af gullmolunum í starfinu okkar. Alla daga vikunnar hittast stúlkur og drengir á sama aldri og æfa samskipti. Jákvæðni, heiðarleiki og virðing einkennir þessar stundir og eru þær ómissandi liður í okkar kynjaskipta starfi. Stúlkur og drengir læra að bera virðingu hvort fyrir öðru með markvissum og skemmtilegum æfingum, stýrðum af kennurum. Stúlkur jafnt sem drengir hafa sama rétt hvort sem um ræðir í orðum eða athöfnum. Vinátta og jákvæð samskipti eru einkunnarorð blöndunar. Árangur blöndunar má síðan finna í samskiptum barnanna, þar sem þau öll eru einstök.

## Afmælis dagar

Skemmtileg hefð hefur skapast í kringum afmælis daga barnanna. Ef barn hefur átt afmæli í vikunni er bakað á föstudegi. Þá fær barnið tækifæri til að baka sjálft, undir leiðsögn kennara. Söngfundir eru einnig haldnir á föstudegi en þá fær afmælisbarnið að njóta þess að koma inn í sólina, sýna sig og hlusta á afmælissöng frá öllum börnum og kennurum skólans. Ef afmælisbarn býður vinkonum sínum eða vinum í afmælisboð á skólatíma er afar mikilvægt að öllum hópnum sé boðið en ekki einstaka barni eða börnum.

## Val

Á hverjum degi hittast börn hvers kjarna á valfundasvæði sínu og velja sér viðfangsefni næstu klukkustundar. Valtíminn er frá kl. 10:30 til kl. 11:30. Börnunum er algerlega frjálst að velja sér það viðfangsefni sem þau sjálf kjósa og lögð er mikil áhersla á að valinu sé ekki „stýrt“ á neinn hátt; þ.e. að kennarinn hlutist ekki til um hvað börnin velja. Valfundurinn er tækifæri fyrir börnin til þess að æfa vilja sinn og taka ákvarðanir, gagnstætt við hópatímana þar sem þau æfast fremur í að fara eftir fyrirmælum kennarans. Þó svo valtímanum sé fyrst og fremst ætlað að vera rammi um hinn frjálsa leik barnanna er þó engin tilviljun hvaða viðfangsefni eru í boði eða hverskonar leikefni; bak við hvert svæði og hvert verkfæri sem þar er í boði er ákveðinn tilgangur. Svæði sem eru í boði daglega eru:

*Námstengt svæði* – þar sem í boði eru verkefni tengd námsefni vikunnar.

*Listasvæði* – þar eru í boði litir og blöð. Sem ítarefni eru t.d. skæri og lím.

*Útisvæði* – þar hittast börn af öllum kjörnum og leika sér saman í skemmtilegu og skapandi umhverfi.

*Kubbasvæði* – þar eru í boði ýmsar tegundir af kubbum þó bara ein tegund í einu.

*Hlutverkasvæði* – þar sem í boði er verðlaust efni fyrir alls kyns hlutverkaleik, t.d. búðaleik.

# Nám og kennsla

## *Þróunarstarf*

Í Barnaskólanum er sífellt verið að leitast við að bjóða börnum upp á eins fjölbreyttar aðferðir til náms og mögulegt er hverju sinni. Skólinn er ungur og er því tækifærið einstakt til þess einmitt að þróa metnaðarfullt starf með börnum í þá átt að þau öðlist enn meiri færni til að takast á við sjálf sig á eigin forsendum. Það eitt að bjóða upp á grunnskóla í Hjallastefnunni krefst þróunarvinnu og sífelldrar endurskoðunar á kennsluháttum og viðfangsefnum. Lotuvinna með verk- og listgreinar sem og enskukennslu er einn þátturinn, stærðfræði byggð á skilningi barna er annar þáttur þar sem m.a. er notast við Numicon. Numicon eru námsgögn sem eru byggð á þeirri kenningu að samspil athafna, myndmáls og samræðna geri börnum kleift að byggja upp eigin reynslu, sem er bæði mikilvæg fyrir stærðfræðiskilning þeirra sem og alhliða þroska. Kennsla án hefðbundinna námsbóka er enn einn og þar erum við enn að takast á við það að koma sem best til móts við hvert barn.

## *Námsgögn*

Stefna skólans er að byggja upp nám yngri barna með sköpun og sjálfstæði í vinnubrögðum að leiðarljósi. Sérstaklega er hugað að því að leiðir að lausnum séu ekki ákveðnar fyrirfram og þannig unnið með öryggi barna gagnvart viðfangsefnum. Þess vegna kýs skólinn að bjóða börnum ekki upp á nemendabækur í námi, en hins vegar eru öll hjálpargögn við höndina sem henta hverju sinni. Bækur búa börn og kennarar til sjálf með viðfangsefni hvers námsþáttar í huga. Önnur námsgögn útbúa kennarar eftir því sem þörf krefur. Skólinn leggur til allar nemendabækur og kennarabækur sem gefnar eru út sem hjálpargögn fyrir kennara við undirbúning kennslu.

## *Byrjendalæsi*

Byrjendalæsi hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið HA undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Byrjendalæsi er samvirk nálgun á læsikennslu þar sem unnið er með tal, hlustun, lestur og ritun á kerfisbundinn og heildstæðan hátt. Sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði og málfræði eru hluti af lestrarferlinu. Fjölbreyttur gæðatexti er lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í tæknilega vinnu með stafi og hljóð jafnt sem vinnu með orðaforða, skilning og lestur af ýmsu tagi. Mikilvægt er að textinn kveiki áhuga barnanna og ýti undir ímyndunaraflið.

### ***Grunnstoðir Byrjendalæsis eru:***

Unnið er með lestur, ritun, tal og hlustun á heildstæðan hátt.  
Verkefni eru merkingarbær þar sem unnið er út frá gæðatexta.  
Rík áhersla á samvinnu og samskipti á milli barna.  
Einstaklingsmiðun í kennslu og stigskiptur stuðningur.  
Leiðsagnarmat er samofið námi og kennslu.



## *Numicon*

Numicon eru fjölskynja námsgögn sem gefa börnum tækifæri á að skilja gildi og tengsl milli talna og sjá mynstur stærðfræðinnar á einfaldari hátt. Numicon námsgögnin eru byggð á þeirri kenningu að samspil athafna, myndmáls og samræðna geri börnum kleift að byggja upp eigin reynslu, sem er bæði mikilvæg fyrir stærðfræðiskilning þeirra sem og allhliða þroska. Numicon gerir börnum kleift að nýta styrkleika sína og uppgötva skemmtun, skilning og sigra í náminu. Numicon námsgögnin bjóða upp á fjölbreytta möguleika fyrir öll börn og gera þeim kleift að upplifa stærðfræðina á skemmtilegan hátt.

## *Kennsluhættir*

Kennsluhættir Barnaskólans eru afar einstaklingsmiðaðir þar sem markmiðið er að haga ytra umhverfi þannig að hvert barn njóti sín á eigin forsendum og bjóðist sá fjölbreytileiki sem æskilegt er að einkenni námsumhverfi barna. Fjöldi barna á hvern kennara gerir það að verkum að hvert barn fær þá athygli sem á þarf að halda hverju sinni. Inntak kennslunnar skiptist í tvo megin þætti annars vegar inntak aðalnámskrár og hins vegar kynjanámskrá Hjallastefnunnar.

Opinn efniviður og kennsla án hefðbundinna námsbóka eru aðalsmerki skólans. Kennarar útfæra alla kennslu án hefðbundinna námsbóka. Börn búa til sínar eigin verkefnabækur og stuðlað er að því að verkefnavinna útfærist á sem fjölbreytilegastan hátt og í ólíku formi sem og í samhengi við viðfangsefnin hverju sinni. Byggt er á frumkvæði og sköpun hvers barns.

## *Tímaás*

Greint er frá helstu námsþáttum og hæfniviðmiðum fyrir hvern aldur í áætlun sem birtist að hausti. Tímaásinn tekur til allra hæfniviðmiða skólaársins og er tekið mið af honum við gerð vikulegra kennsluáætlanna.

## *Vikuleg kennsluáætlun*

Fyrir hverja viku fá foreldrar senda ítarlega kennsluáætlun sem er unnin út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár og kynjanámskrá Hjallastefnunnar. Áætlunin inniheldur námslega þætti, hæfniviðmið og aðferðir sem unnið er með hverju sinni.

## *Heimanám*

Heimanám í Barnaskólanum miðast eingöngu við þjálfun í lestri. Það er mat skólans að heimanám sé óþarft að öðru leyti. Hópatímar skólans eru einnig þannig uppbyggðir að gert er ráð fyrir því að nemendur nái að klára þann námshluta sem unnið er með hverju sinni. Er það einnig yfirlýst stefna Hjallastefnunnar að heimanám sé æfing í að ástunda yfirvinnu og að því vill Barnaskólinn með engu móti stuðla.

## Sérkennsla

Sérkennsla skólans er stýrt af skólastjóra og deildastjóra sérkennsla. Stjórnendur vinna í samvinnu við sálfræðing skólans, umsjónarkennara og sérkennara skólans að öllum sérkennslumálum. Unnið er markvisst að því að skima eftir börnum sem eru líkleg til að eiga í lestrarerfiðleikum og/eða stærðfræðierfiðleikum til að hægt sé að vinna markvisst með hverju og einu barni frá upphafi. Skimunarprófin sem notuð eru eru eftirfarandi:

*Lesferill* – lesskimun (1. bekkur að hausti) og hraðlestrarpróf (1.–4. bekkur)

*Læsi* – lesskimun (1. og 2. bekkur)

*Orðarún* – lesskilningur (3. og 4. bekkur)

*LOGOS* – lesskimun (3. bekkur)

*Talnalykill* – stærðfræðiskimun (2. bekkur að vori)

Sérkennslan er margvísleg og er ávallt tekið mið af hvernig börn hagnast sem mest á slíkri kennslu. Annars vegar er unnið með börnum inni í hópnum sem þau tilheyra og hins vegar er boðið upp á einstaklingsþjálfun og/eða þjálfun þar sem tvo börn vinna saman með sérkennara. Unnið er með hverju barni fyrir sig út frá skimunum og greinandi prófum eftir því sem við á hverju sinni. Sálfræðingur og deildarstjóri sérkennsla veita faglega ráðgjöf til kennara og foreldra um úrvinnslu og þá þjálfun sem hentar best hverju sinni.

## *Lesferill*

Niðurstöður lestrarrannsóknna sem hafa farið fram síðustu áratugina hafa leitt í ljós að vissir þættir í málþróun barna geta spáð fyrir um hvernig þeim muni ganga í lestrarnámi síðar á lífsleiðinni.

Snemmtæk markviss íhlutun, áður og á meðan á lestrarkennslu stendur, getur dregið verulega úr og jafnvel fyrirbyggt yfirvofandi lestrarvanda. Lestur byggir á færni barna í tungumálinu og á þeim forsendum eru styrkleikar og veikleikar í þeim þáttum sem gefa hvað best forspárgildi hvað varðar árangur í lestri skoðaðir og metnir.

Lesskimunarprófið sem er hluti af Lesferli er byggt á þessum þáttum og því er það lagt fyrir öll börn í 1. bekk. Út frá niðurstöðum skimunarinnar sést hvar styrkleikar og veikleikar hjá hverju barni liggja og því er auðveldara að mæta þeim þar sem þau eru stödd í lestrarferlinu. Lesferill er safn af prófum og inniber meðal annars lesskimunarprófið sem nefnt er hér að framan ásamt hraðlestrarprófum fyrir 1.–10. bekk. Lesferill er staðlaður og er nýttur til að fylgjast með framvindu barna í lestrarnámi sínu.

## Námsmat

Í öllu okkar starfi er leitast við að hafa námsmatið sem fjölbreyttast. Með því tryggjum við að hvert barn fái að njóta sín á eigin forsendum og sé metið af þeim verðleikum sem það býr yfir. Þar af leiðandi gefst barninu tækifæri til að takast á við verkefni er hæfa þroska þess og getu á uppbyggilegan hátt.

Námsmatið er byggt á kynjanámskrá Hjallastefnunnar og aðalnámskrá grunnskóla. Kynjanámskrá Hjallastefnunnar skiptist í sex megin stöðir og með þessar stöðir að leiðarljósi er árangur hvers barns metinn. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið þar sem markvisst er unnið með hverju barni að tilskyldum árangri. Öll fög, er aðalnámskrá grunnskóla kveður á um, eru einnig metin jafnt og þétt yfir skólaárið. Matið fer ýmist fram með verkefnavinnu eða próftöku. Í lok skólaárs fær hvert barn fallega umsögn. Engin umsögn er eins enda hvert barn einstakt.

Innleiðing á Mentor hófst í janúar 2018 sem liður í þeirri námsmatsþróun sem Barnaskólinn hefur innleitt í takt við nýja aðalnámskrá og leiðsagnarmatið sem hefur verið þróað frá ári til árs. Um er að ræða innleiðingu á svonefndu hæfninámi þar sem stuðlað er enn frekar að því að barn öðlast hæfni sem felur í sér þekkingu og færni sem þau geta yfirfært og beitt í nýjum aðstæðum. Þannig stuðlum við enn frekar að því að börn öðlist getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa.

### *Leiðsagnarmat*

Í nýrri aðalnámskrá er lögð áhersla á þróun leiðsagnarmats og í vetur munum við þróa námsmatsleiðir við skólann enn frekar í takt við þær kröfur. Áherslur í námsmatsleiðum í nýrri aðalnámskrá þar sem mat á færni er veigamikill þáttur í frammistöðu barna. Sem liður í því að efla ut anumhald með námsmati í skólanum hófst innleiðsla á Mentor síðastliðið skólaár og stendur sú þróunarvinna enn yfir. Í Barnaskólanum er námsmat sífellt í gangi yfir skólaárið og leiðir kennari barnið áfram með stöðugri hvatningu. Þegar leiðsagnarmat er notað verður barn meðvitaðra um hvað það er að læra, hvað það hefur lært og til hvers er ætlast af því. Það fer ýmist fram með sjálfsmati með aðstoð kennara, jafningamati og/eða stöðugu frammistöðumati. Markmiðin eru skýr og með leiðsögn kennara lærir barnið að setja sér raunhæf markmið. Endurgjöfin er markviss og einstaklingsmiðuð og fer ýmist fram í formi munnlegrar eða skriflegrar umsagnar. Námsmat í Barnaskólanum er jafnt formlegt sem óformlegt. Börn taka skrifleg próf í þeim námsgreinum sem við á. Markvisst mat er lagt á alla þætti skólastarfsins, jafnt þá þætti sem taka til kynjanámskrár Hjallastefnunnar sem og aðalnámskrár grunnskóla. Auk ofangreinds munum við nota áfram „Tvær stjórnur, ein ósk.“ Þá er hrósað fyrir tvennt sem vel er unnið og ein ósk sett fram um það sem betur má fara.

## *Lykilhæfni*

Lykilhæfni tekur mið af grunnþáttunum sex sem kveðið er á um í aðalnámskrá grunnskóla. Grunnþættirnir birtast í kynjanámskrá Hjallastefnunnar og lýsir hún framsetningu og framkvæmd lykilþáttanna í Barnaskóla Hjallastefnunnar. Þannig er unnið markvisst að því að ná hæfniviðmiðum lykilþáttanna. Viðmið byggjast á grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá grunnskóla og áhersluþáttum grunnskólalaga. Hér á eftir er gerð grein fyrir námshæfniviðmiðum og lykilhæfni samanber aðalnámskrá grunnskóla. Jafnframt verður gerð grein fyrir hæfniviðmiðum 1.–4. bekkjar í samræmi við skólustefnu Hafnarfjarðarbæjar. Að viðmiðunum er unnið jafnt og þétt frá upphafi skólagöngu til skólaloka.

Námsmat Barnskólans í Hafnarfirði byggir annars vegar á hæfni barna í ákveðnum þáttum hverrar námsgreinar og hins vegar lykilhæfni aðalnámskrár. Í námshæfniviðmiðum hvers árgangs eru hæfniviðmið útfærð fyrir hverja námsgrein en hér fyrir neðan eru viðmið lykilhæfninnar og mat á þeim útlistað.

Eins og áður segir tekur lykilhæfnin mið af grunnþáttunum sex og um leið kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem kynjanámskráin og grunnþættirnir tvinnast saman með eftirfarandi hætti: Læsi - agi, samskipti – lýðræði og mannréttindi, sjálfstæði – sjálfbærni, jákvæðni – jafnrétti, áráðni – sköpun, vinátta – heilbrigði og vellíðan.

Kynjanámskrárþættir og lykilhæfni eru metin sem ein heild þar sem hver þáttur kynjanámskrár rímar við hvern grunnþátt fyrir sig. Með kynjanámskrá sem verkfæri æfum við lykilhæfni aðalnámskrár sem eru: Tjáning og miðlun – skapandi og gagnrýnin hugsun – sjálfstæði og samvinna – nýting miðla og upplýsinga – ábyrgð og mat á eigin námi.

# Lykilhæfni - samþætting kynjanámskrár Hjallastefnunnar





Lykilþættir	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
<b>Agí</b>	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -talað fyrir framan hóp -hlustað á aðra í hópi með athygli og án truflana -tjáð sig um viðfangsefni sem eru í umræðunni -sagt frá hugsunum sínum og skoðunum	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -tjáð hugsanir sínar fyrir framan hóp -hlustað á aðra og meðtekið upplýsingar -tekið virkan þátt í umræðum þegar við á -komið þekkingu sinni á framfæri eins og við á hverju sinni	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -tjáð hugsanir og skoðanir sínar fyrir framan hóp -hlustað á aðra og áttað sig á skoðunum og hugmyndum annarra -notað einfaldan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni og tekið tillit til mismunandi viðmælenda -komið þekkingu sinni, skoðunum og hugsunum á framfæri eins og við á hverju sinni	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt -hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum -lagað tjáningu sína að viðmælendum og notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefninu hverju sinni -gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum, tilfinningum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni
<b>Tjáning og miðlun</b>				
<b>Kjarkur og þor</b>	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -unnið verkefni efir munnlegum fyrirmælum -metið eigin verk út frá fyrirfram gefnum þáttum -gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og áttað sig á að það er í lagi að gera mistök -gert sér grein fyrir hvað eru staðreyndir -skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hlöðum	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -unnið eftir einföldum verklýsingum -metið eigin verk og annarra út frá fyrirfram gefnum þáttum -gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og áttað sig á að það er í lagi að gera mistök -gert sér grein fyrir að munur er á staðreyndum og skoðunum -fundið úrlausn á raunhæfu viðfangsefni með leiðsögn	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -unnið sjálfstætt eftir verklýsingu við úrlausn verkefna -metið eigin verk og annarra út frá fyrirfram gefnum þáttum -gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og að læra má af mistökum -gert sér grein fyrir að munur er á staðreyndum og skoðunum -endurskoðað úrlausn viðfangsefnis með leiðsögn	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -skipulagt efnistöð og aðferðir við úrlausn verkefna tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur gert sér grein fyrir að iðulega er hægt aðkomast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta á skapandi hátt -greint milli staðreynda og skoðana -endurskoðað úrlausn viðfangsefna frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt
<b>Skapandi og gagnrýnin hugsun</b>				
<b>Samskipti og hópefli-jákvæðni</b>	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -unnið eftir einföldum fyrirmælum í máli og myndum -gert sér grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir -unnið með öðrum í litlum hópum -tekið að sér hlutverk með leiðsögn kennara -hlustað á leiðsögn kennara	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -unnið eftir fyrirmælum og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum -þekkt nokkra styrkleika hjá sjálfum sér -unnið með öðrum í litlum og stórum hópum -borið ábyrgð á ákveðnu hlutverki með leiðsögn kennara -nýtt sér leiðsögn kennara	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -unnið eftir fyrirmælum og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum -gert sér grein fyrir styrkleikum sínum -unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengast námi -borið ábyrgt á ákveðnu hlutverki í samstarfi við aðra nýtt sér leiðsögn á uppbyggilegan hátt	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgt á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á -gert sér grein fyrir styrkleikum sínum -unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu -tekið leiðsögn á jákvæðan hátt
<b>Sjálfstæð vinnubrögð</b>	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -leitað sér upplýsinga munnlega í sínu nánasta umhverfi -gert grein fyrir ólíkum miðlum til upplýsingaöflunar -þekkt nokkrar einfaldar reglur um netnotkun	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -leitað sér upplýsinga úr einföldum rituðum heimildum -nýtt upplýsingar og heimildir með stuðningi -þekkt grunnreglur um netnotkun	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -leitað upplýsinga í ólíkum miðlum með leiðsögn -nýtt upplýsingar og heimildir við eigin verkefnasköpun -skilið og nýtt sér grunnreglur um netnotkun	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum -notað miðla nokkuð sjálfstætt við nýsköpun, hugmyndavinnu og kynningu efnis -sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og verið meðvitað um gildi ábyrgar netnotkunar
<b>Nýting miðla og upplýsinga</b>				
<b>Dugnaður og þrautseigja</b>	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -skilið hvað felst í að meta eigin frammistöðu -skilið hvað námsmarkmið eru -stuðst við einfaldar aðgerðir til að skipuleggja eigið nám	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -metið jákvæða þætti í eigin frammistöðu í námi -skilið hvenær námsmarkmiðum er náð -tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -gert sér grein fyrir styrkleikum sínum -séð hvenær það hefur náð markmiðum í námi -tekið þátt í að skipuleggja eigið nám	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar það getur gert betur í námi -sett sér með aðstoð markmið í námi -tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með hlidsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár
<b>Ábyrgð og mat á eigin námi</b>				

Lykilbættir	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
<b>Agi</b>	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -tjáð hugsanir og tilfinningar sínar og sett þær fram eins og á við hverju sinni -verið virkur hlustandi og tekið tillit til skoðana annarra -notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni -skipulega og á skýran hátt gert grein fyrir skoðunum sínum, hugsunum, tilfinningum og þekkingu eftir því sem við á hverju sinni	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -tjáð hugsanir sínar og tilfinningar á skipulegan hátt -verið virkur hlustandi, meðtekið upplýsingar og rökstutt mál sitt á einfaldan hátt -lagað framsetningu sína að umræðuefni og notað viðeigandi hugtök og orðaforða -miðlað skýrt eigin þekkingu, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -tjáð hugsanir sínar og tilfinningar á skipulegan hátt með ýmsum miðlum hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða -tekið mið af og lagað framsetningu sína að kröfum eða þörfum viðmælanda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengjast umfjöllunarefni hverju sinni -gert vel grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni
<b>Kjarkur og Þor</b>	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -sett fram einfalda áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna með leiðsögn -búið til viðmið með stuðningi sem hjálpa til að bæta eigin árangur í námi -nýtt sér mismunandi aðferðir við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum -áttað sig á að túlkun upplýsinga getur verið mismunandi og sé til rökraðu -greint hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -sett fram einfalda áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna án aðstoðar -búið til viðmið sem hjálpa til að bæta eigin árangur í námi -lært af mistökum og nýtt sér niðurstöður við úrlausn verkefna -skoðað upplýsingar á gagnrýnan hátt og stutt skoðanir sínar með einföldum rökum -greint og kynnt hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna -skilgreint viðmið um árangur -lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna -áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum -vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt
<b>Samskipti og hópefli - jákvæðni</b>	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -tekið leiðbeiningum um hvernig haga beri námi sínu og störfum og borið ábyrgð á eigin vinnubrögðum -gert sér grein fyrir styrk sínum í leik og námi -unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum með stuðningi sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla á jákvæðan hátt -gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi -tekið virkan þátt í skólasamfélaginu á jákvæðan hátt -tekið leiðsögn og skilið hvað felist í uppbyggilegri gagnrýni	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólustarfi og borið ábyrgð á eigin vinnubrögðum -gert sér grein fyrir styrk sínum í leik og námi -unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum með stuðningi sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla á jákvæðan hátt -gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og verið virkur félagslega -haft áhrif á skólasamfélagið sitt með virkri þátttöku í leik og starfi -tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt með stuðningi	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólustarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það -gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína -unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla -gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum -hafi á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með þátttöku í leik og starfi -tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt
<b>Sjálfstæð vinnubrögð</b>	<b>Við lok skólaárs getur barn :</b> -þekkt mismunandi upplýsingaveitur og hvaða möguleika þær gefa -notað miðla sjálfstætt við hugmyndavinnu og kynningu efnis -sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga og verið meðvitaður um gildi ábyrgðar netnotkunar	<b>Við lok skólaárs getur barn :</b> -notað fleiri en eina upplýsingaveitu við upplýsingaöflun og borið saman upplýsingar -notað margvíslega miðla við öflun gagna og til stuðnings við nám -sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga, hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð	<b>Við lok skólaárs getur barn :</b> -notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun gagna og til stuðnings við nám -notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda -sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð
<b>Dugnaður og þrautseigja</b>	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og sýnt þá í námi og verki -sett sér markmið og náð þeim með stuðningi -nýtt sér hæfniviðmið með stuðningi	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og nýtt sér þá í námi sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim að mestu leyti -skipulagt með leiðsögn eigið nám með hlidsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár	<b>Við lok skólaárs getur barn:</b> -gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig það getur nýtt sér það í námi -sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim -skipulagt eigið nám með hlidsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár
<b>Ábyrgð og mat á eigin námi</b>			

Lykilhæfni – Samþætting við kynjanámskrá Hjallastefnunnar – Matskvarði

Öguð vinnubrögð	Skipuleggur vinnu sína
Sjálfstæð vinnubrögð	Getur unnið af sjálfstæði og öryggi
Samskipti og hópefli	Vinnur vel í hóp og sýnir umburðalyndi og hjálpssemi
Jákvæðni	Sýnir áhuga og gleði gagnvart náminu
Dugnaður og þrautseigja	Lýkur við verkefni
Kjarkur og þor	Sýnir frumkvæði og trúir á eigin getu

Námsmatskvarði er skilgreindur í fjórum flokkum. Með honum er annars vegar lagt mat á á hvernig börnum gengur að ná hæfniviðmiðum hvers námssviðs og hins vegar lykilhæfni barna sem lýst er hér að framan.

 Framúrskarandi
 Hæfni náð
 Á góðri leið
 Þarfnast þjálfunar

*Notast er við námsmatskvarðann þegar hæfni barns í námi er metin bæði hvað varðar þætti er tilheyra lykilhæfni og námssviði.*

Námshæfniviðmið hvers árgangs snúa að þeirri hæfni sem barnið öðlast í námsferlinu og býr yfir að námi loknu. Þegar námsmat fer fram er sérstaklega leitast við að meta hversu vel barn hefur náð að tileinka sér þau viðmið sem eiga við samanber skólanámskrá.

## Kannanir og próf – skimanir- og stöðupróf

### 6 ára börn

Mánuður	Próf	Próf
Ágúst		
September	Stafaþekking	Gátlistar - LTL
Október	Lesferill - lesskimun	Lesferill - A próf (þau börn sem þekkja alla stafi og hljóð þeirra)
Nóvember	Stafaþekking - eftirfylgni	
Desember		
Janúar	Lesferill - B próf	
Febrúar	Læsi 2-1	
Mars	Lesferill - B próf*	
Apríl	Læsi 3-1	
Mái	Lesferill - A próf	

\* Einungis börn sem eru meira en 20% undir viðmiðum við síðustu fyrirögn

### 7 ára börn

Mánuður	Próf	Próf
Ágúst	Lesferill - A próf	
September		
Október	Læsi 2.1	
Nóvember	Lesferill - A próf*	
Desember		
Janúar	Lesferill - B próf	
Febrúar		
Mars	Lesferill - B próf	Lesmál
Apríl		Talnalykill - stærðfræði
Mái	Lesferill - A próf	

\* Einungis börn sem eru meira en 20% undir viðmiðum við síðustu fyrirögn



## 8 ára börn

Mánuður	Próf	Próf
Ágúst	Lesferill - A próf	
September		
Október	Orðarún 1 - Lesskilningur	
Nóvember	Lesferill - A próf*	
Desember		
Janúar	Lesferill - B próf	
Febrúar	LOGOS - Skimun (hraðlestur, les- og hlustunarskilningur, sjónrænn orðaforði og stafsetning)	
Mars	Lesferill - B próf*	
Apríl	Framsögn	
Mái	Lesferill - A próf	

\* Einungis börn sem eru meira en 20% undir viðmiðum við síðustu fyrirögn

## 9 ára börn

Mánuður	Próf	Próf
Ágúst	Lesferill - A próf	
September	Samræmd próf (íslenska og stærðfræði)	
Október	Lesferill - A próf*	Orðarún 1 - Lesskimun
Nóvember		
Desember		
Janúar	Lesferill - B próf	
Febrúar		
Mars	Orðarún 2 - Lesskimun	Lesferill - B próf*
Apríl		Framsögn
Mái	Lesferill - A próf	

\* Einungis börn sem eru meira en 20% undir viðmiðum við síðustu fyrirögn

# Viðmiðunarstundaskrá

Útfærsla pr. 40 mín. kennslustundir

námsgreinastundir		Yngsta stig					Jö mín.	Viðm. mín
		1.b	2.b	3.b	4.b	Samt. Tímar		
<b>1. Íslenska:</b>		<b>7,0</b>	<b>7,0</b>	<b>7,0</b>	<b>7,0</b>	<b>28,0</b>	<b>0</b>	
Þar af	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf	3,0	3,0	2,0	2,0	10,0	240	160
	1.2. Lestur og bókmenntir	2,0	2,0	3,0	2,5	9,5	220	160
	1.3. Ritun	1,0	1,0	1,0	1,0	4,0	0	160
	1.4. Málfræði	1,0	1,0	1,0	1,5	4,5	20	160
<b>2. Erlend tungumál:</b>		<b>1,0</b>	<b>1,5</b>	<b>1,5</b>	<b>2,0</b>	<b>6,0</b>	<b>160</b>	
Þar af	2.1. Enska	1,0	1,5	1,5	2,0	6,0	160	80
	2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0	0
<b>3. List- og verkgreinar:</b>		<b>7,5</b>	<b>7,0</b>	<b>6,0</b>	<b>5,5</b>	<b>26,0</b>	<b>140</b>	
<b>Listgreinar (50%):</b>		<b>4,5</b>	<b>4,0</b>	<b>3,5</b>	<b>2,5</b>	<b>14,5</b>	<b>140</b>	
Þar af	3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)	1,0	0,5	0,5	0,5	2,5	0	100
	3.2. Sjónlistir - myndmennt	2,0	2,0	2,0	1,0	7,0	180	100
	3.3. Tónmennt	1,5	1,5	1,0	1,0	5,0	100	100
<b>Verkgreinar (50%):</b>		<b>3,0</b>	<b>3,0</b>	<b>2,5</b>	<b>3,0</b>	<b>11,5</b>	<b>0</b>	
Þar af	3.4. Heimilisfræði	2,0	1,0	0,5	1,0	4,5	60	120
	3.5. Hönnun og smíði	1,0	1,0	1,0	1,0	4,0	40	120
	3.6. Textílmennt	0,0	1,0	1,0	1,0	3,0	0	120
<b>4. Náttúrugreinar:</b>		<b>3,0</b>	<b>2,5</b>	<b>3,0</b>	<b>2,0</b>	<b>10,5</b>	<b>0</b>	
Þar af	4.0. Náttúrufræði	3,0	2,5	3,0	2,0	10,5	0	420
	4.1. Eðlis- og efnavísindi							
	4.2. Jarð- og stjörnufræði							
	4.3. Lífvísindi							
	4.4. Umhverfismennt							
<b>5. Samfélagsgreinar:</b>		<b>5,5</b>	<b>5,0</b>	<b>5,5</b>	<b>5,0</b>	<b>21,0</b>	<b>260</b>	
Þar af	5.1. Heimspeki, siðfr. og trúarbr.fræði	1,0	1,0	1,5	1,0	4,5	40	140
	5.2. Jafnrétti og lífsleikni	3,5	3,0	3,5	3,0	13,0	380	140
	5.3. Landaf., saga og sam-/þjóðfélagsf.	1,0	1,0	0,5	1,0	3,5	0	140
<b>6. Skólaíþróttir:</b>		<b>3,0</b>	<b>3,0</b>	<b>3,0</b>	<b>3,0</b>	<b>12,0</b>	<b>0</b>	
Þar af	6.1. Íþróttir	2,0	2,0	2,0	2,0	8,0	0	320
	6.2. Sund	1,0	1,0	1,0	1,0	4,0	0	160
<b>7. Stærðfræði:</b>		<b>5,0</b>	<b>5,0</b>	<b>5,0</b>	<b>5,0</b>	<b>20,0</b>	<b>0</b>	<b>800</b>
<b>8. Upplýsinga- og tæknimennt:</b>		<b>0,0</b>	<b>1,0</b>	<b>1,0</b>	<b>2,5</b>	<b>4,5</b>	<b>60</b>	
Þar af	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði	0,0	0,5	0,5	1,0	2,0	40	40
	8.2. Tölvunotkun og UST	0,0	0,5	0,5	1,5	2,5	60	40
<b>9. Til ráðstöfunar/val:</b>		<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>		
Þar af	Flutt sem kjarni í önnur námssvið:	2,0	2,0	2,0	1,5	7,5		
	Flutt sem bundið val í námssvið	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0		
	Sjálfstæðar valgreinar:	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0		
<b>SAMTALS</b>		<b>32,0</b>	<b>32,0</b>	<b>32,0</b>	<b>32,0</b>	<b>128,0</b>	<b>320</b>	<b>4800</b>

# Námshæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla 1.–4. bekkur

## *Íslenska*

Unnið er samhliða með bókmenntir, lestur, ritun, hlustun, talað mál og málvísi. Megin áhersla í náminu er annars vegar í gegnum ritun og hins vegar í gegnum læsi. Nákvæm hljóðgreining og öll hljóð íslenska stafrófsins eru lögð inn á átta vikum en strax á 5 ára kjarna eru börn farin að kveða að og skrifa stafi. Líttlestrarbækur og hefðbundnar barnabækur eru í skólanum, nemendur lesa í skólanum og einnig heima. Foreldrar eru í mjög mikilvægu hlutverki í að styrkja og styðja við lestrarþjálfun barna sinna.

Viðfangsefni ritunar er reynsla nemenda hverju sinni, upplifanir þ.e. vettvangsferðir sem og skáldskapur. Nemendur fá markvissa þjálfun í að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt og vinna með bækur sem auka orðaforða og málskilning. Allir nemendur Barnaskólans fá tækifæri til að hlusta á upplestur og frásagnir. Öll námshæfniviðmið miðast við færni barna að vori.

## *Stærðfræði*

Stærðfræði hjálpar okkur að lýsa aðstæðum með nákvæmni og útskýrir orsakasamhengi innan þeirra. Samfélag okkar og nýsköpun innan þess einkennist af kerfum, sem byggjast á nýtingu stærðfræðinnar. Hæfni í stærðfræði er þannig forsenda læsis og sköpunar á flestum sviðum tækni, fræða og verkmenningar að auki styður hún fólk til að taka ígrundaðar ákvarðanir í daglegu lífi (aðalnámskrá grunnskóla, 2011:209). Stærðfræði og tungumál, lausnir verkefna og þrauta, röksamhengi og röksemdafærslur, tengsl við daglegt líf og önnur svið eru meginþættir stærðfræðinnar. Barnaskólinn leggur megináherslu á hlutbundna vinnu þar sem gengið er út frá því að byggja ofan á fyrri reynslu nemenda. Samvinna og upplifun í gegnum verkefni eru þær leiðir sem notaðar eru til frekara náms og nemendur vinna námsefnið sitt sjálfir undir leiðsögn kennara. Öll námshæfniviðmið miðast við færni barna að vori.

## *Náttúrufræði*

Barnaskólinn leggur aðaláherslu á útikennslu í náttúrufræði þar sem börn kynnast með fjölbreytilegum hætti sínu nánasta umhverfi með vettvangsferðum og rannsóknarleiðöngurum. Upplifun nemenda af náttúrunni er í fyrirrúmi og að þeir öðlist leikni í að nýta sér nánasta umhverfi þ.e. náttúruna – skóginn, vatnið, mýrina og skólalóðina til rannsóknarvinnu. Að nemendur læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og að þeir kynnist einkennum náttúrunnar sem umlykur skólaumhverfið. Eins og segir í aðalnámskrá grunnskóla er viðfangsefni náttúrufræðinnar að auka skilning barna á þeirri þekkingu sem þau hafa fyrir og gera þekkingu þeirra á náttúrunni skilmerkilegri og meðvitaðri. Börn fá öll einhverja upplifun af sínu nánasta umhverfi og þekkja til ýmissa dýra og okkar er að dýpka þessa grunnþekkingu barna. Öll námshæfniviðmið miðast við færni barna að vori.

## *Heimilisfræði*

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla 2011 fjallar heimilisfræði um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Markmiðið er að börn öðlist frekari þekkingu á heilbrigði, hollustu og verndun umhverfis. Börn hafa þegar fengið ágæta reynslu af heimilisverkum og því sem skiptir máli í hollustu og heilbrigði. Við upphaf skólagöngu er byggt ofan á þá reynslu með ýmsum hætti. Öll námshæfniviðið miðast við færni barna að vori.

## *Íþróttir – líkams- og heilsurækt*

Hreyfipörf barna er mikil og njóta þau hvefrrar stundar sem gefst til að athafna sig á opnum svæðum og rýmum. Eins og segir í aðalnámskrá grunnskóla þá stuðla leikir og markvissar æfingar að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhyfingar og eru þættir sem eiga að skipa stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Barnaskólinn fléttar íþróttakennslu inn í almennt starf þar sem hreyfing er einn af þeim þáttum sem skólinn leggur mikla áherslu á til þess að ná fram sem bestri líðan barnanna. Öll námshæfniviðið miðast við færni barna að vori.

## *Samfélagsfræði*

Samfélagsfræðikennsla gengur út á að nemendur skilji að sérhver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild, fjölskyldu, skólasamfélagi, bæjarfélagi og þjóðfélagi. Jafnframt að þeir þekki skólaumhverfið og heimabyggðina. Þekki og hafi skilning á sögu sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og viti að til eru mismunandi menningarsvæði, siðir og venjur í heiminum. Auk þess er stefnt að því að nemendur viti hvað fornminjar og fornleifar eru og hvernig þær veiti upplýsingar um söguna, þeir geti aflað sér upplýsinga á fjölbreyttan hátt. Sem og þeir geti skynjað söguna í gegnum ápreifanlega hluti og lifað sig inn í hana í gegnum bókmenntir, ljósmyndir, kvikmyndir og frásagnir. Áhersla er lögð á útikennslu þar sem nærumhverfið er nýtt til kennslu og nærsamfélagið kannað. Öll námshæfniviðið miðast við færni barna að vori.

## *Upplýsinga- og tæknimennt*

Nám í upplýsinga og tæknimennt skal byggja á færni í að leita sér upplýsinga á sem fjölbreytilegastan hátt. Innan þessarar námsgreinar fléttast einnig hönnun og smíði. Leitast er við að börn fái sem flest tækifæri til að eiga frumkvæði að ýmiskonar sköpun sem krefst vinnu með ólíkan efnivið. Náttúran er aðal efniviðurinn og börnum er gert kleift að upplifa og skapa á eigin forsendum. Öll námshæfniviðið miðast við færni barna að vori

## *Tónmennt*

Í aðalnámskrá grunnskóla segir: Skólinn er samfélag og tónlistin á að hafa þar sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni. Tónlist í grunnskóla á ekki einungis að vera í höndum tónmenntarkennarans, tónlistaruppeldi er allra: foreldra, bekkjarkennara[...]. Í Barnaskólanum er mikil sönghefð og hefur tónlist skipað fastan sess í öllu skólalastarfi. Markmið okkar er að öll börn öðlist færni í að tjá sig í gegnum söng, æfist í samvinnu og samheldni. Tónlistin verði hluti af námi þeirra og eftir því sem þau eldast að þau nái að byggja ofan á söng með flóknari söngtextum, tjáningu og sköpun. Öll námshæfniviðmið miðast við færni barna að vori.

## *Leikræn tjáning*

Leikræn tjáning er kennsluaðferð sem miðar að því að styrkja hvern einstakling á eigin verðleikum. Færni í að setja sig í spor annarra er numin sem og önnur túlkun og tjáning tilfinninga.

## *Myndmennt og textílmennt*

Myndmennt og textílmennt samþættast mikið við aðrar greinar eins og íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði. Börn öðlast færni í að tjá hugmyndir sínar í gegnum myndmennt og textílmennt ásamt því að æfa fínhyrfingar, einbeitingu og skipulagsfærni. Öll námshæfniviðmið miðast við færni barna að vori.

## *Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði*

Í Barnaskólum Hjallastefnunnar er haft að markmiði að fræða börnin um þjóðtrú Íslendinga, menningu hennar og sögu. Við viljum auka skilning þeirra og þekkingu á ólíkum trúarbrögðum og fræða þau um siðferðileg viðfangsefni og gildi. Mikilvægt er að stuðla að auknum skilningi, gagnkvæmri virðingu og umburðarlyndi gagnvart ólíkum trúarbrögðum, menningarsvæðum og lífsviðhorfum. Öll námshæfniviðmið miðast við færni barna að vori.

## *Lífsleikni*

Allt starf Barnaskólans tekur mið af kynjanámskrá Hjallastefnunnar og rauði þráður markmiða aðalnámskrár í lífsleikni speglast í henni. Við byggjum starfið okkar á lotum út frá kynjanámskránni, bæði einstaklings- og félagsþjálfun.

### *Þessar lotur eru:*

Hegðunarkennsla, framkoma og agi.  
Sjálfstæðiskennsla, sjálfsvitund og sjálfstraust.  
Viðhorfakennsla og samskiptavinna.  
Jákvæðnikennsla og hreinskiptni.  
Nálægðarkennsla og vinátta.  
Kraft- og kjarkennsla og frumkvæði.

## *Erlend tungumál - Enska*

Í Barnaskóla Hjallastefnunnar er haft að leiðarljósi að byggja upp jákvætt viðhorf og áhuga á ensku. Við leggjum áherslu á að örva nemendur til að nota málið á einfaldan hátt í leik og starfi. Við kennum í stuttum lotum í gegnum söng og leik og teljum mikilvægt að nemendur fái möguleika á að hlusta á enska tungu og læri þannig blæbrigði og hljóm tungumálsins. Öll námshæfniviðmið miðast við færni barna að vori.

# Kjarnanámsskrá 6 ára börn

## Lykillhæfni - kynjanámsskrá

Lykilþættir	Tjáning og miðlun	Skapandi og gagnrýnin hugsun	Sjálfstæði og samvinna	Nýting miðla og upplýsinga	Ábyrgð og mat á eigin námi
<i>Kynjanámsskrá Hjallastefnumnar</i>	<i>Agi</i>	<i>Kjarkur og þor</i>	<i>Samskipti og hópefli -jávæðni</i>	<i>Sjálfstæð vinnubrögð</i>	<i>Dugnaður og þrautseigja</i>
1.bekkur	Við lok skólaárs getur barn: -talað fyrir framan hóp -hlustað á aðra í hópi með athygli og án truflana -tjáð sig um viðfangsefni sem eru í umræðunni -sagt frá hugsunum sínum og skoðunum	Við lok skólaárs getur barn: -unnið verkefni eftir munnlegum fyrirætlum -metið eigin verk út frá fyrirfram gefnum þáttum -gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein lausn á verkefnum og áttað sig á að það er í lagi að gera mistök -gert sér grein fyrir hvað eru staðreyndir -skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum	Við lok skólaárs getur barn: -unnið eftir einföldum fyrirætlum í máli og myndum -gert sér grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir -unnið með öðrum í litlum hóp -tekið að sér hlutverk með leiðsögn kennara	Við lok skólaárs getur barn: -leitað sér upplýsinga munnlega í sínu nánasta umhverfi -gert grein fyrir ólíkum miðlum til upplýsingaöflunar -þekkt nokkrar einfaldar reglur um netnotkun	Við lok skólans getur barn: -skilið hvað felst í að meta eigin frammistöðu -skilið hvað námsmarkmið eru -stúðst við einfaldar aðgerðir til að skipuleggja eigið nám

*Lykillhæfniviðmið eiga við allar greinar og eru metnar sérstaklega.*

Talað mál, hlustun og áhorf

Markmið er að börn:

- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir öðrum
- læri reglur sem gilda í samræðum
- auki við orðaforða sinn
- geti hlustað og fylgt eftir fyriræmum

Lestur og bókmenntir

Markmið er að börn:

- þekki hljóð og tákni íslenskra bókstafa
- þekki muninn á hástöfum og lágstöfum
- kynnist algengum orðmyndum
- geti lesið léttan texta og ályktað
- geti lesið stuttan texta og svarað spurningum
- geti lesið einföld fyriræmi og framkvæmt
- auki leshraða sinn
- auki lesskilning sinn
- lesi 55–75 orð á mínútu að vori
- geti rímað
- geti klappað atkvæði orða
- kynnist hugtökunum titill og höfundur bókar

Ritun og skrift

Markmið er að börn:

- sýni vönduð vinnubrögð og frágang
- geti skrifað einföld orð og málsgreinar
- þjálfist í að skrifa eigin texta
- þjálfist í að skrifa texta upp eftir fyrirmynd
- geti skrifað texta við myndir
- gefi sögu sinni titil
- skrifi sögu með a.m.k. einum atburði
- skrifi sögu sem hefur endi
- geri greinarmun á há- og lágstöfum í texta
- noti hástaf við upphaf málsgreinar
- noti punkt í lok málsgreinar
- hafi bil á milli orða
- dragi rétt til stafs
- þjálfist í að láta stafina sitja rétt á línu



Málfræði og stafsetning:

Markmið er að börn:

- kynnist hugtökunum bókstafur, orð og málsgrein
- þekki sérhljóða og samhljóða
- kynnist sérnöfnum og samnöfnum
- kynnist því að raða orðum í stafrófsröð

## Stærðfræði

### Vinnubrögð og beiting

Markmið er að börn:

- þekki stærðfræðihugtökinn samlagning, frádráttur, margföldun og deiling ásamt myndgervingu þeirra
- séu fær um að nýta sér hlutbundna vinnu með talnagrind, einingakubbum, spilum og Numicon
- öðlist leikni í að útskýra fyrir kennara og samnemendum þær leiðir sem hver og einn fer til að leysa hvert dæmi fyrir sig
- verði tamt að fjalla um leiðir til úrlausna í smærri hópum í töluðu máli
- taki þátt í stærðfræðilegri umræðu sem hluta af daglegu starfi
- geti rökstutt niðurstöður sínar og skýrt lausnaleiðir
- geti fylgt leið á rúðuneti eða korti eftir munnlegum eða skriflegum leiðbeiningum
- öðlist frekari áhuga á stærðfræðilegum viðfangsefnum
- tengi stærðfræðilega hugsun við daglegt líf

### Tölur og reikningur

Markmið er að börn:

- kynnist og vinni með tölustafi upp í 100
- geti skrifað tölustafina 0–50 í réttri röð
- þekki sætisgildin einingu og tug
- geti tengt saman tölutákn og fjölda
- þekki hugtökinn samlagningu og frádrátt
- þekki reikniaðgerðina samlagningu og aðgerðamerkið +
- þekki reikniaðgerðina frádrátt og aðgerðamerkið –
- þekki jafnaðamerkið =
- geti lagt saman tveggja stafa tölur með hlutbundnum gögnum
- geti fundið summu tveggja stafa talna með hlutbundnum gögnum
- geti fundið mismun tveggja stafa talna með hlutbundnum gögnum
- þekki plúsheiti tölunnar 10
- kynnist sléttum tölum og oddatölum
- kynnist raðtölum
- kynnist talnalínu
- kynnist hugtökunum stærri en, minni en og jafnt og
- kynnist táknum  $<$   $>$
- kynnist einfaldri margföldun
- kynnist íslenskum peningum
- geti reiknað einföld orðadæmi

### Algebra og mynstur

Markmið er að börn:

- leiti að mynstri í náttúrunni
- þekki einfalt talnamynstur
- leiki með talnamynstur á vasareikni
- kynnist speglun

### Rúmfræði og mælingar

Markmið er að börn:

- geti mælt lengd með óstöðluðum mælieiningum t.d. bréfastaklemmum og blýöntum
- hafi kynnst stöðluðu mælieiningunum reglustiku og málbandi
- þekki heila tímann á klukku
- þekki hálfan tímann á klukku
- þekki vikudagana og röð þeirra
- þekki mánuðina og röð þeirra
- hafi kynnst grunnformunum ferhyrningur, ferningur, þríhyrningur og hringur

### Tölfræði og líkindi

Markmið er að börn:

- geti raðað einföldum gögnum í súlurit

### Hugmyndir að leiðum

Markmið er að börn:

- lesi úr og túlki gögn sem sett eru fram í töflum eða með súluritum
- geti notað tilraunir til að svara spurningum sínum um líkur t.d. með því að kasta upp teningi ítrekað
- æfi sig í að skrá mismunandi upplýsingar
- glími við fjölbreytt stærðfræðidæmi
- búi til sín eigin stærðfræðidæmi og deili með félögum sínum
- noti vasareikni til að skoða tengsl samlagningar og margföldunar með því að setja inn fastastærð í samlagningu
- noti víxlreglu í samlagningu með kubbalengju
- glími við dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu
- vinni með peninga/kennslupeninga; flokki eftir tegund myntar og telji saman ákveða upphæð
- beri saman flatarmál rétthyrninga og margföldun tveggja talna

## Náttúrufræði

Markmið er að börn:

- þekki og vinni með hugtökin hiti, kuldi og frost
- fylgist með breytingum á eiginleikum vatns og velti fyrir sér orsökum s.s. þegar pollar frjósa og snjór bráðnar
- geri athuganir sem sýna rúmmál lofts t.d. með því að setja krukkur á hvolf ofan í vatn, vinna með óuppblásnar og uppblásnar blöðrur á vogarstöng
- kynnist því hvers vegna hlutir fara af stað, stöðvast og breyta um stefnu
- geri athuganir með skugga, s.s. teikni útlínur af skugga og búi til skuggamyndir
- ræði um áhrif sólarljóssins á hitastig lofts og vatns, hitastig í skugga og í sólarljósi og líkamann
- ræði eðli og varanleika breytinga í náttúrunni sem eru vegna áhrifa vinda og vatns, áhrifa mannsins og áhrifa náttúruhamfara
- skoði og fjalli um fjölbreytileika steinaríkisins
- skoði og fjalli um strandlengju m.a. með tilliti til munar á flóði og fjöru og fjölbreytileika
- þekki árstíðirnar og einkenni þeirra
- ræði og þekki ólík birtingarform vatnsins í náttúrunni s.s jökla, ár og læki, rigningu og snjókomu
- þekki algengustu húsdýrin á Íslandi
- þekki nokkur séreinkenni dýra og plantna út frá athugun og samanburði

## Samfélagsfræði

Markmið er að börn:

- kynnist því hvernig sagan er allt í kringum okkur og að við erum hluti af henni
- læri um alþingi og að á Íslandi sé ríkisstjórn og að aðrar þjóðir eiga eins og við þjóðhátíðardag, þjóðsöng og þjóðhöfðingja
- læri um ólíka siði og venjur í heiminum
- kynnist því hvað fornminjar eru
- kynnist því að saga okkar var til löngu fyrir skrásetningu á bók
- átti sig á ólíkum fjölskylduformum

Þessum markmiðum náum við m.a. með því að fara í vettvangsferðir, heyra um og upplifa söguna í gegnum áþreifanlega hluti s.s. byggingar, minnismerki, sögustaði í náttúrunni og gamla muni.

## *Íþróttir – líkams- og heilsurækt*

### Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Markmið er að börn:

- taki þátt í leikjum og leikrænum æfingum sem efla líkamsþol, hraða, viðbragð og kraft
- taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf
- framkvæmi æfingar sem efla liðleika, líkamsreisn og líkamsstöðu
- taki þátt í æfingum og leikjum með ýmis áhöld

### 1. sundstig

Markmið er að börn:

- geti staðið í botni og fært andlit í kaf 10 sinnum
- getið flotið á bringu eða baki með eða án hjálpartækja
- geti gengið með andlit í kafi 2,5 metra
- geti tekið bringusundsfótatök við bakka

### Félagslegir þættir

Markmið er að börn:

- geti umgengist sundstað á öruggan hátt
- geti klætt sig í og úr fötum og gengið um búningsklefann eins og reglur segja til um

### Heilsa og efling þekkingar

Markmið er að börn:

- geti tekið þátt í umræðum um umhirðu líkamans
- geti gert skil á helstu líkamsheitum eins og höfuð, brjóst, bak, fótleggir og armar

## *Upplýsinga og tæknimennt*

Við upphaf skólagöngu hafa mörg börn þegar kynnst nútímatækni eins og tölvunotkun af ýmsum toga. Verkefnið er því að auðga þá þekkingu sem fyrir er.

## *Tónmennt*

Markmið er að börn:

- þjálfist í að syngja ýmis lög með misjafnlega þungum texta
- öðlist færni í að beita röddinni í samræmi við aðstæður
- þjálfist í hlustun
- þjálfist í að skapa eftir tónlist þ.e. í hreyfingu og myndmennt
- þjálfist taktskyn með púls, einföldu hrynmynstri og áherslu í gegnum hreyfingu
- vinni með tónlistarhugtökin veikt og sterkt, háir tónar og djúpir tónar, hratt og hægt, bjart og dimmt

## *Myndmennt og textílmennt*

Markmið er að börn:

- þjálfist í að klippa
- vinni myndræna frásögn úr nánasta umhverfi, af upplifunum og ímyndunum með því að nota á fjölbreytilegan hátt viðeigandi efni, verkfæri og tækni
- þjálfist í að nota flatt form
- þekki hugtakið grunnform og geti beitt því í myndgerð
- þjálfist í að teikna/mála/lita í tengslum við textíilverkefni
- þekki frumlitina og geri einfaldar litablöndur
- æfist í að þræða grófa nál
- þekki hugtakið myndbygging og viti hvað er nálægð og fjarlægð
- æfist í að sauma þræðispor
- taki þátt í umræðum um fagurfræðileg sjónarmið í einfaldri mynd s.s. lit, lögun, glaðlegt, hlýlegt, fallett

## *Leikræn tjáning*

Markmið er að börn:

- þjálfist í að lifa sig inn í ímynduð hlutverk og aðstæður með því að vera önnur eða annað en þau eru í sjálf (persónur, hlutir eða umhverfi)
- gerist sérfræðingar um einhver málefni og leiti lausna
- túlki hversdagslegar aðstæður og athafnir á leikrænan hátt
- túlki ævintýri, frásagnir og umhverfi með kyrrmyndum
- takist á við vandamál í ímynduðum heimi
- noti látbragð og hreyfingu til að tjá líðan og tilfinningar
- noti röddina til að túlka hljóð í umhverfinu
- standi kyrr og lesi upphátt úr eigin verkum
- sjái leiksýningar atvinnumanna
- þjálfist í að segja frá á skipulegan hátt

## *Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði*

Markmið er að börn:

- fáist við siðræn viðfangsefni sem tengjast vináttu og skilji muninn á hugtökunum rétt og rangt, mitt og þitt og fyrirgefning
- geri sér ljóst að allir eru ólíkir og einstakir
- fræðist um ólíkar sköpunarsögur ólíkrar trúarbragða
- kynnist sögu jólahátíðarinnar og læri einfalda jólasálma
- fræðist um bernsku Jesú og aðstæðum sem börn bjuggu við á hans dögum
- skoði kirkjur
- þekki tilefni páskanna
- geri sér grein fyrir hvað er bæn

## *Heimilisfræði*

Markmið er að börn:

- kynnist því að til eru bæði hollar og óhollar fæðutegundir
- kynnist því hvaða fæðutegundir eru góðar og slæmar fyrir tennurnar
- kynnist einföldum eldhúsáhöldum
- þekki dl-mál, msk. og tsk.
- fái verklega þjálfun með aðstoð kennara
- læri nöfn algengra fæðutegunda
- geri sér grein fyrir því hvaðan matvælin koma sem notuð eru
- geri sér grein fyrir því að örverur eru til í umhverfi okkar
- hjálpi til við tiltekt og hreingerningu í eldhúsi
- læri borðsiði

# Kjarnanámsskrá 7 ára börn

## Lykilhæfni – kynjanámsskrá

Lykilþættir	Tjáning og miðlun	Skapandi og gagnrýnin hugsun	Sjálfstæði og samvinna	Nýting miðla og upplýsinga	Ábyrgð og mat á eigin námi
<i>Kynjanámsskrá Hjallastefnunnar</i>	<i>Agi</i>	<i>Kjarkur og þor</i>	<i>Samskipti og hópefli - jákvæðni</i>	<i>Sjálfstæð vinnubrögð</i>	<i>Dugnaður og þrautseigja</i>
2. bekkur	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-tjáð hugsanir sínar fyrir framan hóp</li> <li>-hlustað á aðra og meðtekið upplýsingar</li> <li>-tekið virkan þátt í umræðum þegar við á</li> <li>-komið þekkingu sinni á framfæri eins og við á hverju sinni</li> </ul>	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-unnið eftir einföldum verk lýsingum</li> <li>-metið eigin verk og annarra út frá fyrirfram gefnum þáttum.</li> <li>-gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og áttað sig á að það er í lagi að gera mistök</li> <li>-gert sér grein fyrir að munur er á staðreyndum og skoðunum</li> <li>-fundið úrlausn á raunhæfu viðfangsefni með leiðsögn</li> </ul>	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-unnið eftir fyrirmælum og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum</li> <li>-þekkt nokkra styrkleika hjá sjálfum sér</li> <li>-unnið með öðrum í litlum og stórum hópum</li> <li>-borið ábyrgð á ákveðnu hlutverki með leiðsögn kennara</li> </ul>	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-leitað sér upplýsinga úr einföldum rituðum heimildum</li> <li>-nýtt upplýsingar og heimildir með stuðningi</li> <li>-þekkt grunnreglur um netnotkun</li> </ul>	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-metið jákvæða þætti á eigin frammistöðu í námi</li> <li>-skilið hvenær námsmarkmiðum er náð</li> <li>-tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn</li> </ul>

*Lykilhæfniviðmið eiga við allar greinar og eru metnar sérstaklega.*



Talað mál, hlustun og áhorf

Markmið er að börn:

- geti tjáð sig skýrt og greinilega
- geti flutt af eigin frumleika þulur og kvæði
- geti túlkað texta með upplestri, frásögn eða leikrænni tjáningu
- geti endursagt efni sem hlustað hefur verið á

Lestur og bókmenntir

Markmið er að börn:

- þekki algengar orðmyndir
- geti lesið texta og ályktað
- geti lesið texta og svarað spurningum
- geti lesið fyrirmæli og framkvæmt þau
- geti fundið orðhluta í samsettum orðum
- auki leshraða sinn
- auki lesskilning sinn
- lesi 85–100 orð á mínútu að vori
- kynnist ljóðum og vísum
- þekki hugtökin titill og höfundur bókar

Ritun og skrift

Markmið er að börn:

- sýni vönduð vinnubrögð og frágang
- geti skrifað einföld orð og málsgreinar
- geti skrifað eigin texta
- geti skrifað sögu án aðstoðar
- geti samið sögu með upphafi, miðju og endi
- geti samið sögu með aðalpersónu
- geri greinarmun á há- og lágstöfum í texta
- noti hástaf í upphafi málsgreina
- noti punkt í lok málsgreina
- hafi bil á milli orða
- dragi rétt til stafs
- þjálfist í að láta stafina sitja rétt á línu

## Málfræði og stafsetning

Markmið er að börn:

- þekki hugtökin bókstafur, orð og málsgrein
- þekki sérhljóða og samhljóða
- kynnist hugtakinu nafnorð
- þekki sérnöfn og samnöfn
- geri greinarmun á eintölu og fleirtölu nafnorða
- kynnist kyni nafnorða (kvk., kk. og hk.)
- kynnist andheitum og samheitum
- geti greint í sundur og sett saman samsett orð
- kunni og geti nýtt sér íslenska stafrófið

Þessum námshæfniviðmiðum náum við m.a. með því að nemendur tjái sig fyrir framan skólafélaga sína og séu í vinnu sem krefst munnlegrar tjáningar. Einnig með æfingum í að stafsetja rétt með þjálfun sjónminnis og vinnu við ýmis konar ritunarverkefni. Nemendur fá fjölbreytt viðfangsefni sem örva þá til lestrar og lesskilnings og auka um leið orðaforða þeirra. Þeir fá ríkuleg tækifæri til tjáningar og hlusta á frásagnir bæði barna og fullorðinna.

## Stærðfræði

### Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Markmið er að börn:

- lesi texta um stærðfræðileg viðfangsefni og geti greint um hvað hann fjallar
- geti útskýrt og sett fram eigin lausnir skriflega og samið sögur út frá stærðfræðilegum verkefnum, bæði sínum eigin og annarra
- geti unnið með öðrum að lausn verkefna daglegs lífs, rætt mismunandi leiðir og skýrt lausnarferli sitt fyrir öðrum
- geti rökstutt reikningsaðferðir sínar
- öðlist færni í að spyrja spurninga og leita að tilgátum sem gætu skýrt verkefni

### Tölur og reikningur

Markmið er að börn:

- geti unnið með tölustafi upp í 1000
- geti skrifað tölustafina 0–100 í réttri röð
- þekki sætisgildin einingu, tug og hundrað
- þekki hugtökin samlagningu og summu
- þekki hugtökin frádrátt og mismun
- þekki aðgerðarmerkin +, - og x
- þekki jafnaðarmerkið =
- geti lagt saman þriggja stafa tölur
- geti fundið mismun þriggja stafa talna
- kynnist því að geyma í samlagningu
- kynnist því að taka til láns í frádrætti
- þekki sléttar tölur og oddatölur
- þekki raðtölur
- þekki neikvæðar tölur
- þekki talnalínu og geti merkt inn á hana
- þekki og geti beitt merkjunum < > og =
- geti margfaldað tölur í 0–5 sinnum töflurnum
- þekki íslensku peningana og geti talið þá
- kynnist námundun að tug
- geti reiknað orðadæmi
- geti nýtt sér vasareikni í einföldum dæmum
- þjálfist í hugarreikningi
- þjálfist í talnaleikni, geti fundið tölur á undan og á eftir
- geti tvöfaldað og helmingað
- kynnist því að þrefalda og fjórfalda

### Algebra og mynstur

Markmið er að börn:

- þekki talnamynstur
- geti haldið áfram með mynstur
- kynnist hugtakinu speglunarás
- geti fundið speglunarás
- geti speglað mynd um speglunarás
- geti reiknað einföld algebrudæmi

### Rúmfræði og mælingar

Markmið er að börn:

- geti mælt lengd með reglustiku og málbandi
- þekki mælieiningarnar cm og m
- þekki heila og hálfu tímann á skífuklukku
- þekki korter í og korter yfir á skífuklukku
- kynnist álestri á tölvuúri
- þekki skiptingu árs í tíðir, mánuði, vikur og daga
- geti lesið af hitamæli
- kynnist flatarmáli
- kynnist ummáli
- þekki marghyrninga og hring
- þekki þrívíðu formin keila, kúla, sívalningur og ferstrendingur

### Tölfræði og líkindi

Markmið er að börn:

- geti raðað einföldum gögnum í súlurit
- geti lesið úr einföldum töflum
- geti safnað saman gögnum og sett í töflu
- geti gert súlurit út frá einföldum töflum

## *Náttúrufræði*

Markmið er að börn:

- geri athuganir á mismunandi efnum, s.s. leðri, pappír og plasti út frá eiginleikum, notkun og möguleikum til endurvinnslu
- geri athuganir með skugga t.d. að skuggar eru svæði sem ljós nær ekki til
- geri einfaldar tilraunir sem sýna stöðurafmagn s.s. í rafmögnum hári og með því að nudda fótum við teppi
- geri veðurathuganir yfir ákveðið tímabil og kanni; hitastig, ofankomu og styrkleika vinds
- þekki mun á virkum og óvirkum eldstöðvum
- geri athuganir þar sem fylgst er með einföldum lífsferlum, s.s. sáningu fræja
- geri sér grein fyrir að barn verður til vegna samruna efna frá báðum foreldrum
- skoði útlitseinkenni og velti fyrir sér hvaða einkenni hafa erfst frá föður og hver frá móður
- þekki helstu líffæri og starfsemi þeirra, s.s. hjarta, maga og lungu
- ræði um hvernig umhverfi lífvera og mismunandi lífsskilyrði geta mótað einkenni þeirra, s.s. með samanburði á fuglum í votlendi og skógi
- flokki dýr eftir því hvað þau éta, þ.e. hvort þau nærast á plöntum eða öðrum dýrum

## *Heimilisfræði*

Markmið er að börn:

- læri hvers vegna fæðutegundum er raðað í fæðuhring
- geri samanburð á hollum og óhollum fæðutegundum fyrir tennurnar
- þekki einföld eldhúsáhöld og geti notað þau
- æfist í að mæla í heilu og hálfu með dl-máli, msk. og tsk.
- læri að hreinsa og brytja ávexti og grænmeti með hníf
- læri hvað fæðuflokkarnir heita
- bragði og snerti þau matvæli sem notuð eru og geti lýst þeim
- átti sig á hver er munur á góðum og slæmum örverum
- komist að niðurstöðu um hvað þau geti lagt af mörkum til að vernda umhverfið sitt
- læri einfalda flokkun heimilissorps

## *Íþróttir – líkams- og heilsurækt*

### Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Markmið er að börn:

- geti notið æfinga og leikja sem efla samspil skynjunar og hreyfingar
- haldi áfram að æfa grunnhreyfingar og læri að tengja mismunandi hreyfingar saman
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól, hraða og viðbragð
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft

### 2. sundstig

Markmið er að börn:

- geti framkvæmt marglyttuflot með því að rétta úr sér
- geti synt 10 metra bringusund með eða án hjálpartækja
- geti synt 10 metra skólabaks fótatök, með eða án hjálpartækja
- geti spyrrt sér frá bakka og látið sig renna með andlit í kafi 2,5 metra
- geti hoppað af bakka í laug

### Félagslegir þættir

Markmið er að börn:

- taki þátt í ýmsum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og spennu

### Heilsa og efling þekkingar

Markmið er að börn:

- geti spennt og slakað á vöðvum og hvílst
- fái tækifæri til að fara í gönguferðir, ratleiki og stunda útivist á öllum tímum skólaársins

## *Samfélagsfræði*

Markmið er að börn:

- þekki nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og sögupersónur tengdar Íslendingasögum í heimbyggðinni
- tileinki sér sögur og frásagnir tengdar heimabyggðinni
- þekki íslenska fánann og hvað litir hans tákna, skjaldamerki Íslands og söguna af landvættunum
- læri um hlutverk nokkurra þjónustustofnanna í samfélaginu s.s. skóla, sjúkrahúsa og lögreglu
- kynnist ólíkum störfum, t.d. til sjávar og sveita
- átti sig á mikilvægi samskipta við útlönd
- geri sér grein fyrir að til eru mismunandi menningarsvæði, siðir, venjur og trúarbrögð í heiminum
- kynnist sögu og þróun jarðar

Þessum markmiðum náum við m.a. með því að þjálfa börn í að skrá atburði og athuganir, skrá dagbók. Jafnframt með því að æfa börn í að vinna með öðrum að afmörkuðum verkefnum. Eins að skoða myndir af ólíku fólki, svæðum og menningu úr myndasafni, dagblöðum eða tímaritum, taka eftir fréttum af fólki í útvarpi, sjónvarpi eða á veraldarvefnum.

## *Upplýsinga og tæknimennt*

Markmið er að börn:

- átti sig á hvernig lyklaborð skiptist í hægri og vinstri hluta
- riti texta í ritvinnslu
- noti ákveðna sérlykla á lyklaborði, s.s. að eyða texta og leiðrétta texta
- riti stóra stafi
- visti skjöl og nái í vistuð skjöl

## *Tónmennt*

Markmið er að börn:

- þjálfist í að túlka tónverk
- þjálfist í að skapa sín eigin tónverk
- þjálfist í hljóðfæranotkun s.s. með stöfum, litlum trommum og þríhornum
- kynnist fjölbreyttum stíltegundum laga
- þjálfist í að flytja lög með mismunandi stíltegundum
- finni leiðir til að geyma tónlistarhugmyndir sínar og tjá þær öðrum
- þekki og geti greint milli algengustu skólahljóðfæra

## *Myndmennt og textílmennt*

Markmið er að börn:

- öðlist færni í að klippa út form
- geri litablöndur úr frumlitunum og þekki sex lita hringinn
- saumi nokkur einföld útsaumsspor
- þekki hugtakið áferð og geti beitt því í mynd
- læri að ganga frá enda
- þekki helstu listaverk í nánasta umhverfi skólans
- lýsi munnlega skoðunum á mynd á eigin forsendum
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar

## *Leikræn tjáning*

Markmið er að börn:

- þjálfist í að lifa sig inn í ímynduð hlutverk og aðstæður með því að vera önnur eða
- annað en þau eru sjálf (persónur, hlutir eða umhverfi)
- gerist sérfræðingar um einhver málefni og leiti lausna
- túlki hversdagslegar aðstæður og athafnir á leikrænan hátt
- túlki ævintýri, frásagnir og umhverfi með kyrrmyndum
- takist á við vandamál í ímynduðum heimi
- noti látbragð og hreyfingu til að tjá líðan og tilfinningar
- noti röddina til að túlka hljóð í umhverfinu
- standi kyrr og lesi upphátt úr eigin verkum
- sjái leiksýningar atvinnumanna
- þjálfist í að segja frá á skipulegan hátt



## *Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði*

Markmið er að börn:

- þekki hugtakið aðventa og siði og tónlist sem tengjast henni
- kynnist völdum sögum úr lífi Jesú, þ.m.t. frásögnum af dauða og upprisu hans
- fræðist um trúarhátíðir ólíkra trúarbragða

## *Erlend tungumál – Enska*

Markmið er að börn:

- geti lesið einfaldar setningar
- skrifi orð eftir fyrirmynd
- gefi einfaldar upplýsingar um sig sjálf
- taki þátt í einföldum samskiptaleikjum
- taki þátt í einföldu samtali
- taki undir í söng og fari með þulur

## *Lífsleikni*

Markmið er að börn:

- geti sett hugtakið jafnrétti í margbreytilegt samhengi
- hafi áráðni til að spyrja gagnrýnna spurninga
- sýni frumkvæði og sköpun í samskiptum og vinnu
- geri sér grein fyrir að fólk er ólíkt og læri að bera virðingu fyrir sérstöðu annarra

# Kjarnanámsskrá 8 ára börn

## Lykilhæfni – kynjanámsskrá

Lykilþættir	Tjáning og miðlun	Skapandi og gagnrýnin hugsun	Sjálfstæði og samvinna	Nýting miðla og upplýsinga	Ábyrgð og mat á eigin námi
<i>Kynjanámsskrá Hjallastefnummar</i>	<i>Agi</i>	Kjarkur og þor	<i>Samskipti og hópefli - jákvæðni</i>	<i>Sjálfstæð vinnubrögð</i>	<i>Dugnaður og þrautseigja</i>
3. bekkur	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <p>-tjáð hugsanir og skoðanir sínar fyrir framan hóp</p> <p>-hlustað á aðra og áttað sig á skoðunum og hugmyndum annarra</p> <p>-notað einfaldan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni og tekið tillit til mismunandi viðmælenda</p> <p>-komið þekkingu sinni, skoðunum og hugsunum á framfæri eins og við á hverju sinni</p>	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <p>-unnið sjálfstætt eftir verklýsingum og að úrlausn verkefna</p> <p>-metið eigin verk og annarra eftir fyrirframgefnum þáttum</p> <p>-gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og læra má á mistökum</p> <p>-gert sér grein fyrir að munur er á staðreynum og skoðunum</p> <p>-endurskoðað úrlausn viðfangsefnis með leiðsögn</p>	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <p>-unnið eftir fyrirmælum og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum</p> <p>-gert sér grein fyrir styrkleikum sínum</p> <p>-unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi</p> <p>-borið ábyrgð á ákveðnu hlutverki í samstarfi við aðra</p> <p>-nýtt sér leiðsögn á uppbyggilegan hátt</p>	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <p>-leitað upplýsinga í ólíkum miðlum með leiðsögn</p> <p>-nýtt upplýsingar og heimildir við eigin verkefnasköpun</p> <p>-skilið og nýtt sér grunnreglur um netnotkun</p>	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <p>-gert sér grein fyrir styrkleikum sínum</p> <p>-séð hvenær það hefur náð markmiðum í námi</p> <p>-tekið þátt í að skipuleggja eigið nám</p>

*Lykilhæfniviðmið eiga við allar greinar og eru metnar sérstaklega*

## Talað mál, hlustun og áhorf

Markmið er að börn:

- geti sagt frá daglegu lífi sínu og upplifunum sínum
- beiti skýrum og áheyrilegum framburði
- geti sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta
- geti tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir öðrum
- geti endursagt efni sem hlustað hefur verið á
- geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni
- geti tekið þátt í samræðum
- þjálfist í rökræðum

## Lestur og bókmenntir

Markmið er að börn:

- geti valið sér lesefni við hæfi og lesið sér til ánægju
- geti tengt þekkingu sína og reynslu til að skilja innihald texta
- auki við lesskilning sinn
- þekki mismunandi frásagnarform s.s. skáldsögur, teiknimyndasögur og ljóð
- geti aflað sér upplýsinga á mismunandi vegu s.s. úr bókum og á rafrænu formi
- þekki hugtökin persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur
- þekki hugtökin höfundur, titill, efnisyfirlit og kafli bókar
- lesi skýrt og áheyrilega
- auki leshraða sinn
- lesi 100–120 orð á mínútu
- kynnist algengum hugtökum í bragfræði s.s. rími, kvæði og vísu

## Ritun og skrift

Markmið er að börn:

- sýni vönduð vinnubrögð og frágang
- geti skrifað eigin texta s.s. sögur og ljóð
- geti skrifað texta upp eftir fyrirmynd
- geti samið sögur með upphafi, miðju og endi
- geti skráð hugsanir sínar, þrár og reynslu
- geri greinarmun á milli há- og lágstafa
- noti hástaf við upphaf málsgreinar
- noti punkt í lok málsgreinar
- hafi bil á milli orða
- dragi rétt til stafs
- láti stafina sitja rétt á línu



## Málfræði og stafsetning

Markmið er að börn:

- kunni stafrófið
- geti raðað orðum í stafrófsröð eftir fyrsta bókstaf
- þekki sérhljóða og samhljóða
- geti greint í sundur og sett saman samsett orð
- þjálfist í að skrifa orð með einföldum og tvöföldum samhljóða
- geti stafsett 4–5 stafa orð rétt
- þekki regluna um n/nn
- kynnist ng/nk reglunni
- þekki helstu einkenni nafnorða s.s. kyn, tölu og greini
- þjálfist í að flokka nafnorð í kvk., kk. og hk.
- þjálfist í að setja nafnorð í et. og ft.
- þjálfist í að setja greini við no.
- þekki sérnöfn og einkenni þeirra
- þekki samnöfn og einkenni þeirra
- þekki helstu einkenni lýsingarorða
- þjálfist í að stígbreyta algeng lýsingarorð
- geti fundið samheiti orða
- geti fundið andheiti orða
- þekki helstu einkenni sagnorða s.s. nafnhátt, nútíð og þátíð
- þekki nafnháttamerkið að
- geti fundið nafnhátt sagnorða
- geti fundið nútíð og þátíð sagnorða

Þessum viðmiðum náum við m.a. með því að börn endursegi og flytji sögur og ljóð, eigin texta eða annarra og nota upplestur, leikræna tjáningu og söng til að túlka efnið. Eins með því að bjóða upp á námstækifæri þar sem börn semji og riti frásagnir með mismunandi leiðum. Auk æfinga í að stafsetja rétt upp í fimm stafa orð og hvetja börn til að lesa sér til gagns og gamans.

## Stærðfræði

### Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Markmið er að börn:

- geti sett fram einfaldar röksemdafærslur í mæltu og rituðu máli og þau geti túlkað og sannreynt/prófað niðurstöður sínar
- temji sér að nota þekktar staðreyndir til að álykta út frá
- þjálfist enn frekar í að skrá svör sín við dæmum með því að nota talnatákn og aðgerðarmerki
- geti notað aðferðir eins og að setja dæmið á svið/upp í hús, finna lausn með áþreifanlegum hlutum, giska á lausn, teikna myndir eða leysa einfaldara verkefni af skyldum toga
- vinni með öðrum að lausn þrauta, ræði um og prófi mismunandi lausnarleiðir og skýri lausnarferli sitt fyrir öðrum
- hafi kynnst notagildi stærðfræði í verslun og handverki, til að lýsa og skýra fyrirbæri í náttúrunni og daglegu lífi
- semji sögur um stærðfræðileg verkefni og sýni hvernig þau geta verið sprottin úr ólíku samhengi

### Tölur og reikningur

Markmið er að börn:

- þekki formerkin + - og x
- þekki jafnarmerkið =
- þekki hugtökin summa, mismunur og margfeldi
- geti lagt saman þriggja stafa tölur
- geti fundið mismun þriggja stafa talna
- geti geymt tug og hundrað í samlagningu
- geti tekið til láns tug og hundrað í frádrætti
- þekki sætisgildin eining, tugur, hundrað og þúsund
- geti lesið, skrifað og raðað tölum upp í þúsund
- þekki á talnalínu neikvæðar og jákvæðar/náttúrulegar tölur
- geti reiknað samlagningar- og frádráttardæmi á talnalínu
- geti námundað að tug og hundraði
- kunni skil á margföldun og geti reiknað einföld margföldunardæmi
- þjálfist í að margfalda tveggja stafa tölur
- geti deilt tölum á bilinu 0–100
- átti sig á samhengi samlagningar og margföldunar
- átti sig á samhengi frádráttar og deilingar
- geti nýtt sér hugarreikning
- geti leyst orðadæmi og þrautir
- þekki íslenska mynt og seðla
- geti notað vasareikni
- þekki almennu brotin 1, 1/2, 1/3 og 1/4
- þekki hugtökin heill, helmingur, þriðjungur og fjórðungur
- geti fundið summu og mismun einfaldra almennra brota

## Algebra og mynstur

Markmið er að börn:

- geti reiknað dæmi sem hefur óþekkta stærð
- geti haldið áfram með mynstur
- geti haldið áfram með talnarunur
- þekki hugtakið speglunarás
- geti speglað mynd um speglunarás

## Rúmfræði og mælingar

Markmið er að börn:

- geti mælt og fundið út flatarmál (lengd x breidd)
- geti mælt og fundið út ummál
- þekki mælieiningarnar mm, cm, m, km, dl, l, g og kg
- geti mælt þyngd, lengd og rúmmál ásamt því að setja rétta mælieiningu aftan við
- geti mælt hitastig og þekki mælieininguna °C
- kunnir á úr, bæði skífuúr og tölvuúr
- geti unnið með hnitakerfi
- þekki x og y ás í hnitakerfi
- þekki marghyrninga og trapisu
- þekki þrívíðu formin keila, kúla, sívalningur og ferstrendingur

## Tölfræði og líkindi

Markmið er að börn:

- geti talið, flokkað og skráð ýmsar upplýsingar í töflur
- geti lesið upplýsingar úr töflum
- geti búið til og lesið af súlu- og línuritum

## Náttúrufræði

Markmið er að börn:

- geri athuganir á því hvað gerist þegar ýmis efni eru leyst upp í vatni
- geri athuganir á því hvað gerist með hluti af mismunandi gerð og lögun, t.d. úr plasti, viði, járn, korki, leir eða steini þegar þeir eru settir í vatn
- geri athuganir á því hvað gerist þegar hlut er ýtt eða hann dreginn með mismiklum krafti og á mismunandi yfirborði
- geri athuganir sem sýna hvernig mismunandi kraftur getur breytt lögun efna, s.s. svamps, leirs, pappírs, gorms eða teygju
- tengi saman einfaldar straumrásir
- geri athuganir sem sýna að sumir hlutir leiða rafmagn en aðrir ekki og átti sig á hver eru sameiginleg einkenni þeirra hluta sem leiða rafmagn
- ræði og skoði almenn rafmagnstæki og tilgang þeirra fyrir mannfólkið
- búi til í samvinnu líkan af sólkerfinu
- þekki að tungl orsakar sjávarföll
- þekki mótunaráhrif hafsins á fjöruna, þ.e. hvernig fjörusteinar og berg mótast og í ám þ.e. hvernig ármöl mótast og beri hana saman við fjörumöl
- skilji algengustu veðurtákn sem notuð eru í veðurlýsingum og ræði um hvaða hlutverki veðurspár gegna í íslensku samfélagi
- þekki uppbyggingu jarðar
- þekki þekktar eldstöðvar á Íslandi
- þekki að hraun rennur yfir eldri jarðlög, það yngsta er efst og elsta neðst
- átti sig á hvað það er sem einkennir lifandi verur og greini þær frá lífvana hlutum
- átti sig á að allar lífverur þurfa vatn, loft, fæðu og búsvæði til að lifa
- þekki og geti nafngreint íslensk spendýr á landi, helstu fugla í heimabyggð og algeng smádýr
- þekki hvernig dýr annast afkvæmi sín samanborið við manninn

## Lífsleikni

Markmið er að börn:

- þekki hugtakið markmið og hvernig fólk notar markmið til að ná því sem að er stefnt
- séu fær um að setja sér raunhæf markmið að eigin frumkvæði
- þekki líkamlegar þarfir sínar fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti og leitist við að koma til móts við hana
- geri sér grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og stöðu einstaklinga innan þeirra



## *Íþróttir – líkams- og heilsurækt*

### Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Markmið er að börn:

- geti tengt ýmsar grunnhreyfingar saman
- geti gert æfingar með ýmsum áhöldum; mismunandi stærðum bolta o.s.frv.
- taki þátt í æfingum sem efla líkamspól t.d. stöðugt hlaup á rólegum hraða í 6-8 mínútur
- taki þátt í æfingum með og án áhalda sem tengja mismunandi sundhreyfingar
- taki þátt í æfingum sem efla hraða og viðbragð

### 3. sundstig

Markmið er að börn:

- geti synt 12 metra bringusund
- geti synt 12 metra skólabaksund með eða án hjálpartækja
- geti synt 6 metra skriðsundsfótatök með andlit í kafi og hendur fram
- geti synt 6 metra skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja
- geti kafað eftir hlut á 1–1,5 metra dýpi

### Félagslegir þættir

Markmið er að börn:

- taki þátt í ýmsum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar, s.s. fjölbreyttum boltaleikjum og feluleikjum utanhúss
- taki þátt í ólíkum sundleikjum
- taki þátt í ólíkum leikjum sem efla líkamspól, snerpu og styrk

### Heilsa og efling þekkingar

Markmið er að börn:

- geti tekið þátt í umræðum um hlutverk beinagrindar, vöðva, húðar, hjarta og lungna

## *Samfélagsfræði*

Markmið er að börn:

- þekki til skólasögu heimbyggðar og hvernig skólahlaldi var háttað í bændum og sveitinni áður fyrr
- kynnist sögum tengdum örnefnum, sögustöðum og/eða sögulegum byggingum í heimabyggð eftir að tímabili Íslendingasagna lýkur
- skilji hlutverk Þjóðsöngsins og Þjóðhátíðardagsins í stórum dráttum
- fræðist um hlutverk og gildi Þingvalla í sögu og samtíð
- verði kunnug ákveðnum persónum úr Íslendingasögunum frá miðri 11. öld og fram undir lok 18. aldar
- kynnist ólíkum atvinnuvegum og átti sig á tengslum framleiðslu og þjónustu með því að kynnast framleiðsluferli vöru, t.d. mjólkur
- verði fróðari um vesturferðirnar fyrir 1900 og búsetu Íslendinga erlendis nú
- þekki til og geti sagt frá frægum landkönnuðum eins og Eiríki rauða, Leifi Eiríkssyni og Kólumbusi
- geti ráðað þekktum fyrirbærum í tímaröð

## *Upplýsinga og tæknimennt*

Markmið er að börn:

- geri greinarmun á kennsluforritum og leikjum
- geti sótt efni á netið
- þekki hlutverk einstakra hluta bókar, s.s. bókarkápu, kjalar, titilblaðs, efnisyfirlits og atriðisorðaskrár
- geti fundið lykilorð í texta og endursagt aðalatriði
- læri grunnatriði í heimildavinnu; það felur í sér að geta mótað spurningar út frá efni
- geti nálgast þau gögn sem þarf að nota
- þjálfist í að afla heimilda, flokka, greina og varðveita á skipulegan hátt
- æfist í að vinna úr upplýsingum og raða saman efni þannig að það myndi eina heild
- geti gert grein fyrir niðurstöðum sínum
- æfist í að skrá heimildir
- kynnist íslenskum og erlendum barnabókahöfundum og verkum þeirra

## *Heimilisfræði*

Markmið er að börn:

- átti sig á að morgunverður er undirstaða vellíðunar og heilbrigðis
- þekki algeng eldhúsáhöld og viti til hvers þau eru notuð
- geti mælt í heilum og hálfum dl og notað allar mæliskeiðar
- geti farið eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum
- þekki heiti fæðuflokkanna og læri sérstaklega um mjólkurflokk
- þekki orð og hugtök tengd matargerð fyrri tíma
- viti hvernig flokka má sorp frá heimilum
- kynnist því hvaða störfum þarf að sinna á heimilum og hver ber ábyrgð á þeim

## *Tónmennt*

Markmið er að börn:

- geti búið til einföld hljóð- og tónverk með skólahljóðfærum og öðrum hljóðgjöfum
- geti sungið fjölbreytt lög, m.a. einföld keðjusöngslög
- spinni og semji einfalt tónverk
- hlusti á tónlist frá ólíkum menningarsamfélögum og greini eiginleika þeirra og einkenni
- geti greint á milli algengustu hljóðfærategunda, s.s. blásturs- og strengjahljóðfæra, eftir heyrn og sjón og þekki sum þeirra með nafni
- sýni viðbrögð við fjölbreyttri tónlist

## *Myndmennt og textílmennt*

Markmið er að börn:

- vinni myndverk á mismunandi tegundir pappírs, s.s. þrykk og klippimyndir auk þess að teikna og mála
- æfist í að blanda liti úr frumlitum með áherslu á litatóna
- geri sér grein fyrir að litir hafa mismunandi áhrif, eru t.d. heitir og kaldir
- þekki grunnformin og verkun þeirra í umhverfinu með skoðun á þeim og úrvinnslu í myndgerð
- þekki einfalda myndbyggingu og mun á forgrunni, bakgrunni og miðrými ásamt kyrrð og hreyfingu í byggingu mynda
- fái innsýn í efni og áhöld sem notuð eru við textílvinnu
- vinni með tvöfalt efni, klippi og saumi saman efni
- tileinki sér hugtök textílgreinarinnar
- þekki á saumavélar og geti saumað einfaldar línur

## *Leikræn tjáning*

Markmið er að börn:

- þjálfist í að lifa sig inn í ímynduð hlutverk og aðstæður með því að vera önnur eða annað en þau eru í sjálf (persónur, hlutir eða umhverfi)
- gerist sérfræðingar um einhver málefni og leiti lausna
- túlki hversdagslegar aðstæður og athafnir á leikrænan hátt
- túlki ævintýri, frásagnir og umhverfi með kyrrmyndum
- takist á við vandamál í ímynduðum heimi
- noti látbragð og hreyfingu til að tjá líðan og tilfinningar
- noti röddina til að túlka hljóð í umhverfinu
- standi kyrr og lesi upphátt úr eigin verkum
- sjái leiksýningar atvinnumanna
- þjálfist í að segja frá á skipulegan hátt

## *Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði*

Markmið er að börn:

- fái aukna þjálfun í sjálfsvirðingu og sjálfsþekkingu (sjá einnig kynjanámskrá)
- þekki atburðarrás páskana og frásagnir af upprisu Jesú
- kynnist íslenskum sálum, myndlist og tónlist sem tengjast m.a. ólíkum trúarbrögðum
- kynnist og fái upplýsingar um ýmiskonar hjálparstarf
- fái frekari kynni af búddadómi og hindúasið og þekki helstu hátíðir tengdar þeim trúarbrögðum

## *Erlend tungumál - Enska*

Markmið er að börn:

- geti fylgt eftir einföldum texta með hljóð eða mynd til stuðnings
- lýst hlut eða mynd á einfaldan hátt
- lesið einfaldar setningar
- tjáð sig af nokkru öryggi
- skrifað orð og einfaldar setningar

# Kjarnanámsskrá 9 ára börn

## Lykilhæfni - kynjanámsskrá

Lykilþættir	Tjáning og miðlun	Skapandi og gagnrýnin hugsun	Sjálfstæði og samvinna	Nýting miðla og upplýsinga	Ábyrgð og mat á eigin námi
<i>Kynjanámsskrá Hjallastefnumar</i>	<i>Agi</i>	<i>Kjarkur og þor</i>	<i>Samskipti og hópefli-jákvæðni</i>	<i>Sjálfstæð vinnubrögð</i>	<i>Dugnaður og þrautseigja</i>
4. bekkur	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <p>-tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram viðeigandi hátt</p> <p>-hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum</p> <p>-lagað tjáningu sína að viðmælendum og notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefninu hverju sinni</p> <p>-gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum, tilfinningum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni</p>	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <p>-skipulagt efnistöð og aðferðir við úrlausn verkefna</p> <p>-tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur</p> <p>-gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefnaog læra má af mistökum og nýta á skapandi hátt</p> <p>-greint milli staðreynda og skoðana</p> <p>-endurskoðað úrlausn viðfangsefna frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt</p>	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <p>-unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á</p> <p>-gert sér grein fyrir styrkleikum sínum</p> <p>-unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla</p> <p>- tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu</p> <p>-tekið leiðsögn á jákvæðan hátt</p>	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <p>-leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum</p> <p>-notað miðla nokkuð sjálfstætt við nýsköpun, hugmyndavinnu og kynningu efnis</p> <p>-sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og verið meðvitað um gildi ábyrgrar netnotkunar</p>	<p><i>Við lok skólaárs getur barn:</i></p> <p>-gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar það getur gert betur í námi</p> <p>-sett sér með aðstoð markmið í námi</p> <p>-tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámsskrár</p>

*Lykilhæfniviðmið eiga við allar greinar og eru metnar sérstaklega.*

### Talað mál, hlustun og áhorf

Markmið er að börn:

- geti sagt frá daglegu lífi sínu og upplifunum
- beiti skýrum og áheyrilegum framburði
- geti sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta
- þjálfist í að lesa sögur og ljóð upphátt með mismunandi blæbrigðum
- geti tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir öðrum
- geti endursagt efni sem hlustað hefur verið á
- geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni
- geti tekið þátt í samræðum og rökræðum

### Lestur og bókmennir

Markmið er að börn:

- geti valið sér lesefni við hæfi og lesið sér til ánægju
- geti tengt þekkingu sína og reynslu til að skilja innihald texta
- auki við lesskilning sinn
- þekki mismunandi frásagnarform s.s. skáldsögur, teiknimyndasögur og ljóð
- geti aflað sér upplýsinga á mismunandi vegu s.s. úr bókum og á rafrænu formi
- þekki hugtökin persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur
- þekki hugtökin höfundur, titill, efnisyfirlit og kafli bókar
- lesi skýrt og áheyrilega
- auki leshraða sinn
- lesi 120–145 orð á mínútu að vori
- kynnist algengum hugtökum í bragfræði s.s. rími, kvæði og vísu

### Ritun og skrift

Markmið er að börn:

- sýni vönduð vinnubrögð og frágang
- geti skrifað eigin texta s.s. sögur og ljóð
- geti skrifað texta upp eftir fyrirmynd
- geti samið sögur með upphafi, miðju og endi
- geti skráð hugsanir sínar, þrár og reynslu
- þjálfist í að rita texta með mismunandi frásagnarstíl s.s. teiknimyndir, örsögur og sms
- geri greinarmun á milli há- og lágstafa
- noti hástaf við upphaf málsgreinar
- noti rétt greinarmerki í lok málsgreinar
- noti kommu í upptalningu
- hafi bil á milli orða
- dragi rétt til stafs
- skrifi skýrt og læsilega

## Málfræði

Markmið er að börn:

- kunning stafrófið
- geti raðað orðum í stafrófsröð eftir fyrsta og öðrum bókstaf
- þekki muninn á sérhljóða og samhljóða
- geti greint í sundur og sett saman samsett orð
- þekki fjölda orða með einföldum og tvöföldum samhljóða
- þekki og geti nýtt sér regluna um n/nn
- þekki og geti nýtt sér –ng/nk regluna
- þekki helstu einkenni nafnorða s.s. kyn, tölu og greini
- geti flokkað nafnorð í kvk., kk. og hk.
- geti sett nafnorð í et. og ft.
- geti bætt greini við nafnorð með hjálparorðunum minn, mín og mitt
- þekki sérnöfn og einkenni þeirra
- þekki samnöfn og einkenni þeirra
- kynnist fallbeygingu og þjálfist í að fallbeygja
- þekki helstu einkenni lýsingarorða
- geti stigbreytt lýsingarorð
- geti fundið samheiti orða
- geti fundið andheiti orða
- þekki helstu einkenni sagnorða s.s. nafnhátt, nútíð og þátíð
- þekki nafnháttarmerkið að
- geti ritað sagnorð í nafnhætti
- geti ritað sagnorð í nútíð og þátíð
- geti fundið eintölu og fleirtölu orða

## Samskipti

Markmið er að börn:

- geti haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kunning að beita algengustu kurteisisvenjum
- geti spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur því næst
- geti skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu
- geti tekið þátt í samskiptaleikjum og samtalsæfingum

## Menningarlæsi

Markmið er að börn:

- geti sýnt fram á að þau kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í þeirra eigin menningu
- geti sýnt fram á að þau þekki nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktara staða
- geti sýnt fram á að þau þekki til þátta sem einkenna barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra
- geti sýnt fram á að þau átti sig á að mörg algeng orð í erlendum tungumálum eru lík og skyld öðrum orðum sem þau þekkjá

## Námshæfni

Markmið er að börn:

- geti sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf
- geti beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki
- geti beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur
- geti tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu
- geti tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja
- geti nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar

## *Stærðfræði*

Til þess að öðlast góðan skilning og hæfni í stærðfræði þurfa börn að öðlast trú á eigin getu og jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar.

### Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Markmið er að börn:

- geti skýrt út fyrir öðrum hugsanir sínar og skilning á stærðfræðihugtökum
- geti farið með einfaldar röksemdafærslur í mæltu og rituðu máli

### Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

Markmið er að börn:

- temji sér orðtak stærðfræðinnar og geti notað og túlkað einföld stærðfræðitákni og tengt við daglegt mál
- temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni og leiti mótdæma til að prófa lausnir, skilgreiningar og fullyrðingar
- temji sér að nota hentug verkfæri s.s. reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna og samræðu um stærðfræðileg verkefni



## Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Markmið er að börn:

- tileinki sér öguð vinnubrögð, sjálfstæði og lipurð í samvinnu
- geti rannsakað, greint, túlkað og rætt lausnir á viðfangsefnum sem tengjast daglegu lífi, eins og að gera sér grein fyrir verðgildi peninga

## Tölur og reikningur

Markmið er að börn:

- þekki aðgerðamerkin +, -, / og x
- þekki jafnaðarmerkið =
- þekki hugtökin summa, mismunur, margfeldi og kvóti
- geti lagt saman fjögurra og fimm stafa tölur
- geti geymt tug, hundrað og þúsund í samlagningu
- geti fundið mismun fjögurra og fimm stafa talna
- geti tekið til láns tug, hundrað og þúsund í frádrætti
- þekki sætisgildin eining, tugur, hundrað, þúsund og tugþúsund
- geti lesið, skrifað og raðað tölum upp í tíuþúsund
- þekki neikvæðar og jákvæðar/náttúrulegar tölur á talnalínu
- geti reiknað samlagningar- og frádráttardæmi á talnalínu
- geti námundað að tug, hundraði og þúsundi
- kunni skil á margföldunartöflunum og geti reiknað einföld dæmi
- geti margfaldað tveggja stafa tölu með tveggja stafa tölu
- kunni skil á deilingu og geti leyst deilingardæmi með tveggja og þriggja stafa tölum
- geti leyst deilingardæmi með afgangi
- átti sig á samhengi samlagningar og margföldunar
- átti sig á samhengi frádráttar og deilingar
- geti nýtt sér hugarreikning
- geti leyst orðadæmi og þrautir
- þekki peninga og geti fundið summu og mismun
- geti notað vasareikni
- þekki almenn brot
- þekki teljara og nefnara
- þekki hugtökin heill, helmingur, þriðjungur, fjórðungur o.s.frv.
- kunni skil á samlagningu og frádrætti almennra brota

## Algebra og mynstur

Markmið er að börn:

- geti leyst dæmi með óþekkttri stærð
- kynnist notkun bókstafa fyrir tölustafi
- geti haldið áfram með mynstur
- geti haldið áfram með talnarunur
- geti speglað mynd um speglunarás
- þekki hugtakið speglunarás
- geti hliðrað og snúið myndum

## Rúmfræði og mælingar

Markmið er að börn:

- geti mælt og fundið út flatarmál (lengd x breidd)
- geti mælt og fundið út ummál
- þekki mælieiningarnar mm, cm, dm, m, km, dam, hm dl, l, g og kg
- geti mælt þyngd, lengd og rúmmál ásamt því að setja rétta mælieiningu aftan við
- geti mælt hitastig og þekki mælieininguna °C
- kunnir á úr, bæði skífuúr og tölvuúr
- geti reiknað klukkudæmi með klst. og mín.
- geti unnið með hnitakerfi
- þekki x og y ás í hnitakerfi
- þekki höfuðáttirnar N, S, V, og A og geti lesið út úr einföldum kortum
- þekki hugtökin rétt horn, hvasst horn og gleitt horn
- þjálfist í að reikna hornasummu ferhyrnings og þríhyrnings
- þekki samsíðung og hugtakið samsíða línur
- þekki muninn á jafnhliða og jafnarma þríhyrningum
- þekki hugtökin punktur, hlið, horn og fletir
- þekki þrívíðu formin keila, kúla, sívalningur og ferstrendingur

## Tölfræði og líkindi

Markmið er að börn:

- geti talið, flokkað og skráð ýmsar upplýsingar í töflur
- geti lesið upplýsingar úr töflum
- geti búið til og lesið af súluritum og línuritum

## Náttúrufræði

### Geta til aðgerða

Markmið er að börn:

- útskýri hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra
- sýni frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum
- sýni virkni og láti sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því
- greini á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs

### Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Markmið er að börn:

- geti komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu
- vinni eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leiti að þörfum í daglegu umhverfi fólks, finni lausn, hanni afurð
- geti bent á störf sem krefjast sérþekkingar

### Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Markmið er að börn:

- geti í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum
- noti einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum
- útskýri hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra
- geri sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspili við hana

### Vinnubrögð og færni

Markmið er að börn:

- geti sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni
- taki þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum
- afli sér upplýsinga er varða náttúruna
- geti skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum og eigin orðum og sagt frá þeim
- noti ólíkar heimildir við öflun upplýsinga
- útskýri valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt
- hlusti á og ræði hugmyndir annarra

### Ábyrgð á umhverfinu

Markmið er að börn:

- taki eftir og ræði atriði í umhverfinu sínu, sýni félögum og náttúru alúð
- skoði og skrái dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð
- nýti reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, ein og með öðrum

- ræði eigin lífssýn og gildi, geri sér grein fyrir samspili náttúru og manns
- taki þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru

### Að búa á jörðinni

Markmið er að börn:

- taki þátt í og segi frá einföldum athugunum á jarðvegi, veðrun og rofi
- segi frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum
- lýsi landnotkun í heimabyggð
- fylgist með og skrái upplýsingar um veður í heimabyggð
- lýsi breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks
- noti gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð

### Heilbrigði umhverfisins

Markmið er að börn:

- fjalli um samspil manns og náttúru
- flokkað úrgang
- geri grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferlar veita
- geti sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra
- ræði krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna

### Lífsskilyrði manna

Markmið er að börn:

- geti útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans
- geti útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns
- geti bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi
- geti útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekki einkastaði líkamans
- ræði fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu
- lýsi skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og geti tengt hitastig við daglegt líf

### Náttúra Íslands

Markmið er að börn:

- geti sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi
- geti útskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfið
- geti lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu
- geti útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda
- greini á milli algengustu orkugjafa á Íslandi
- segi frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða

## Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Markmið er að börn:

- flokki gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra
- ræði hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum
- lýsi eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita
- geti sagt frá þróun algengra rafmagnstækja og áhrifum segla
- geri sér grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringisins og mikilvægi geymsluaðferða á matvælum

## *Dans*

Markmið er að börn:

- hreyfi sig frjálts og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama
- dansi einföld hreyfimyndir og noti þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóðdönsum
- taki þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara
- tengi saman hreyfingu og tónlist í dansi og virði samskiptareglur
- taki tillit til jafningja í samstarfi
- hlusti á hugmyndir jafningja og geti lagt fram eigin
- ræði um hreyfingu í takt við tónlist út frá persónulegri upplifun

## *Leiklist*

Markmið er að börn:

- taki virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýni skólasystkinum tillitssemi
- setji saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi
- noti einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína
- læri stuttan texta og flytji hann á skýran hátt fyrir áhorfendur
- setji sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og taki þátt í viðtali sem ákveðin persóna
- beiti einföldu formi leiklistar
- sýni viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum
- geti bent á leikið efni og ólík hlutverk þess í mismunandi samhengi
- geti lýst leiknu efni á sviði og/eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu

## *Sjónlistir*

Markmið er að börn:

- geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar
- skapi myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum
- tjái tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt
- útskýri og sýni vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki
- vinni út frá kveikju við eigin listsköpun
- þekki og noti hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni
- fjalli um eigin verk og annarra
- þekki og geri grein fyrir völdum verkum listamanna, lýsi þeim og greini á einfaldan hátt yrkisefnið og lýsi þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins
- greini að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka
- greini á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi sínu
- skilji mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar

## *Tónmennt*

Markmið er að börn:

- þekki hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun
- greini ólíkar raddir og beiti rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna
- leiki einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri
- taki þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skrái það á einfaldan hátt
- greini einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslensk þjóðlög)
- ræði um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun

## *Heimilisfræði*

### Matur og lífshættir

Markmið er að börn:

- tjái sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
- geti valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan
- fari eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- tjái sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt

### Matur og vinnubrögð

Markmið er að börn:

- útbúi með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir
- fari eftir einföldum uppskriftum og noti til þess einföld mæli- og eldhúsahöld
- segi frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi
- nýti ýmsa miðla til að afla upp lýsinga um einfaldar uppskriftir

### Matur og umhverfi

Markmið er að börn:

- setji viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni
- skilji einfaldar umbúðamerkingar

### Matur og menning

Markmið er að börn:

- tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat

### *Hönnun og smíði*

#### Handverk

Markmið er að börn:

- geti valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt
- geri grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með

#### Hönnun og tækni

Markmið er að börn:

- geti dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar
- vinni verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit
- framkvæmi einfaldar samsetningar
- segi frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýti virkniþætti í smíðisgripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur
- bendi á ýmis tæknifyrbrigði er tengjast þeirra daglega lífi
- greini einfaldar þarfir í umhverfi sínu og ræði nokkrar lausnir

#### Umhverfi

Markmið er að börn:

- velji efni út frá umhverfissjónarmiðum og segi frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfinu
- sýni góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með
- beiti líkamanum rétt við vinnu sína og sýni rétta notkun hlífðarbúnaðar

## *Textílmenn*

### Handverk, aðferðir og tækni

Markmið er að börn:

- noti einfaldar aðferðir greinarinnar og beiti viðeigandi áhöldum
- vinni úr nokkrum gerðum textílefna
- vinni eftir einföldum leiðbeiningum

### Sköpun, hönnun og útfærsla

Markmið er að börn:

- tjái hugmyndir sínar með einfaldri skissu
- skreyti textílvinnu á einfaldan hátt
- geri grein fyrir mismunandi tegundum handverks og noti nokkur hugtök sem tengjast greininni
- leiti að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum

### Menning og umhverfi

Markmið er að börn:

- segi frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt
- segi frá nokkrum tegundum textílefna
- fjalli um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna
- noti ný og endurunnin efni í textílvinnu



## Íþróttir – líkams- og heilsurækt

### Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Markmið er að börn:

- geri æfingar sem reyna á þol
- geri hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi
- sýni einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu
- sýni nokkra boltafærni og geti tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum
- taki þátt í stöðluðum prófum

### 4. sundstjg

Markmið er að börn:

- geti synt 25 metra bringusund
- geti synt 15 metra skólabaksund
- geti synt 12 metra skriðsund með eða án hjálpartækja
- geti synt 12 metra baksund með eða án hjálpartækja
- geti tekið flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja
- geti stungið sér úr kropstöðu af bakka

### Félagslegir þættir

Markmið er að börn:

- geti unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum
- skilji skipulagshugtök í skólaíþróttum og geti farið eftir leikreglum
- geri sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans

### Heilsa og efling þekkingar

Markmið er að börn:

- geti skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun
- geti útskýrt líkamlegan mun á kynjum
- noti einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu
- þekki heiti helstu líkamshluta, magn- og afstöðuhugtaka og hreyfinga
- setji sér einföld þjálfunarmarkmið í íþróttum og heilsurækt og geti unnið að þeim
- sæki og vinni úr einföldum upplýsingum varðandi íþróttir
- geri einfaldar mælingar og talningar í leikjum
- taki þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum
- taki þátt í útivist og geti búið sig til útiveru með tilliti til veðurs, ratað um skólahverfi sitt og þekki göngu- og hjólaleiðir nærumhverfis

### Öryggis- og skipulagsreglur

Markmið er að börn:

- geti farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum

## Samfélagsgreinar

### Reynsluheimur, umhverfi, samfélag, saga og menning – hæfni barna til að skilja veruleikann

Markmið er að börn:

- geti borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- geti bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu
- lýsi samhengi orða, athafna og afleiðinga
- geti nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar
- geti sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi
- afli sér og nýti sér vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum
- ræði um samfélagið og noti valin hugtök í því samhengi
- geri sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa
- segi frá dæmum um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir
- geti bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi
- geri sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni
- átti sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra
- geti sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum sem tengjast nærsamfélaginu
- velti fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika
- geti komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga
- segi frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrir og nú
- segi frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar
- bendi á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum
- átti sig á að trúar- og lífsvið horf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum
- velti fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni
- geti sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu
- átti sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa
- geti komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið
- geti nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum
- átti sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna
- geti bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu
- geti bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins
- átti sig á gildi samhjálpar í samfélaginu
- átti sig á að þau er hluti af stærra samfélagi
- lýsi kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu
- geti varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu

Hugarheimur, sjálfsmýnd – hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum  
Markmið er að börn:

- geti sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum
- geti bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig
- geti bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim
- geri sér grein fyrir hvar styrkur þeirra liggur
- geti bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á þau
- átti sig á og geti lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði
- geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
- geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf þeirra
- geri sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna
- geti sett sig í spor annarra jafnaldra
- setji sér markmið og geti gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna

Félagsheimur, samskipti – hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra  
Markmið er að börn:

- taki þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- átti sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og beri virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum
- geti hlustað á og greint að ólíkar skoðanir
- geti rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni
- geti rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- tjái þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti
- átti sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum
- sýni tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- átti sig á ýmiskonar afleiðingum athafna sinna
- geti sýnt að þau virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur
- setji sig inn í málefni nærsamfélagsins
- sýni tillitssemi og umhyggju í leik og starfi

## *Upplýsinga- og tæknimennt*

### Vinnulag og viðbrögð

Markmið er að börn:

- geti nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms
- geti nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag
- sýni frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn
- geri sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði
- geti beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu

### Upplýsingaöflun og vinnubrögð

Markmið er að börn:

- geti leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu
- nýti rafrænt og gagnvirkt námsefni
- æfist í að vinna með heimildir
- nýti upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna
- nýti hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum

### Tækni og búnaður

Markmið er að börn:

- geti notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna
- geti notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu
- nýti hugbúnað við einfalda vefsmíð

## *Sköpun og miðlun*

Markmið er að börn:

- geti lýst á einfaldan hátt eigin upplýsinga- og miðlalæsi
- geti notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt

### Siðferði og öryggismál

Markmið er að börn:

- sýni ábyrgð í meðferð upplýsinga
- geti farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitað um siðferðislegt gildi þeirra

## Viðauki A: Skólanámskrá og viðmið

Grunnskólastarf er unnið á grundvelli laga og reglugerða með viðeigandi viðmiðum sem þar birtast en fær sýnileika í námskrá einstakra skóla, nefnd skólanámskrá. Um skólanámskrá er sérstaklega kveðið í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 63-64):

### *12.1 Skólanámskrá*

Sérhver skóli semur skólanámskrá. Í skólanámskrá gerir skóli grein fyrir því hvernig hann nýtir það svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólafélagið veita. Skólar sem eru einkareknir og tilheyrja ekki tilteknu sveitarfélagi þurfa ekki að lúta ákvæðum skólafélags sveitarfélaga.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og í henni gefst kostur á að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum og gera grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til að efla nám og kennslu.

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á. Þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá.

Skólanámskrá er unnin í samhengi við starfsáætlun skóla og ber að lesa þær saman til að fá fullt samhengi um skólastarfið.

Hér er hugtakið námskrá skilgreint eftir tegundum hennar í skólastarfinu. Það er gert til frekari skýringar á þeim viðmiðum sem Hafnarfjörður leggur til viðbótar til viðmiðunar fyrir skólastarf í Hafnarfirði:

**NÁMSKRÁ** = Námskrá er skráð (rituð) áætlun um inntak og gæði á námi sem stefnt er að fram fari hjá ákveðnum nemendahópi á gefnum námssviðum innan afmarkaðs tíma sem framfylgt er með virku kennsluskipulagi með framkvæmd kennara undir stjórn skólafélags viðkomandi skóla. Framkvæmd á námsskipulagi við að koma námskrá í virka framkvæmd er háð faglegri ábyrgð kennara (saman) í þeim tilgangi að ná sem mestum árangri í kennslustarfsemi út frá þeim viðmiðum sem námskráin stefnir að. Námskrá er fylgt eftir með frekari verkáætlunum eftir atvikum í skólum (t.d. vikuáætlunum, kennsluáætlunum o.fl.) eftir skipulagi í skóla/árgöngum/kennara, til að koma þeim í sem raunhæfasta framkvæmd. Skólar þurfa að viðhafa árleg skil á (skóla)námskrá til fræðslufirvalda (í staðfestingarferli) en ekki á verkáætlunum (kennsluáætlunum) sem eiga að koma námskrá í framkvæmd (en þær eru hluti innra og ytra mats).

Ræða má um fjórar tegundir námskráa í grunnskólum:

**Skólanámskrá** = Námskrá eins skóla með almennri stefnu um gæði skólastarfs og námsáherslur sem tengir saman allar bekkjarnámskrár skóla og mynda eina heildarnámskrá fyrir einn skóla. Skólanámskrá lýtur sameiginlegri uppbyggingu í Hafnarfirði (sjá síðar).

**Kjarnanámskrá** = Námskrá sem gildir fyrir einn bekk/árgang nemenda, t.d. nemendur í 1. bekk, 2. bekk o.s.frv., alls 10 námskrár í heildstæðum grunnskóla. Kjarnanámskrá er dreift til foreldra nemenda í viðkomandi árgangi á hverju hausti á stafrænu formi og birt á vef skóla sem hluti skólanámskrár skóla. Kjarnanámskrá er með sambærilega uppbyggingu í Hafnarfirði óháð aldri nemenda eða bekk.

**Sviðsnámskrá** = Námskrá eins námssviðs (alls átta í grunnskólum auk vals), t.d. stærðfræði, íslenska o.s.frv., fyrir einn grunnskóla í gegnum alla bekki skólans. Sviðsnámskrá birtist í skólanámskrá skóla og dreifist um allar bekkjarnámskrár hennar. Mikilvægt er að sviðsnámskrá myndi eina heild í skólastarfi milli bekkja skólans. Einstök námssvið eru skilgreind á grunni viðmiða um námshæfni nemenda (þekking, leikni og viðhorf) auk útlistunar á fyrirkomulagi einstakra námsgreina námssviðsins með viðeigandi lýsingu (viðfangsefni í náminu, náms- og kennslugögn, námsfyrirkomulag og námsaðlögun og námsmat) á áætluðu námsferli innan námsgreinarinnar á viðkomandi aldri.

**Einstaklingsnámskrá** = Námskrá sem útbúin er fyrir ákveðinn nemanda út frá sérþörfum hans þar sem námskrá bekkjar (kjarnanámskrá) sem nemandi tilheyrir er ófullnægjandi og þarfnast aðlögunar að námsgetu nemanda og hæfni. Einstaklingsnámskrá birtist EKKI í skólanámskrá skóla heldur aðeins aðstandendum nemanda sem námskrá tilheyrir og honum sjálfum (eftir atvikum). Einstaklingsnámskrá er gerð árlega (a.m.k.) fyrir nemendur sem þess þurfa. Grunnviðmið gilda um einstaklingsnámskrár í Hafnarfirði en hver skóli skal útfæra þær frekar út frá eigin sérstöðu.

Viðmið um skólanámskrá (kjarnanámskrár) í grunnskólum Hafnarfjarðar eru:

Viðmið aðalnámskrár grunnskóla: Skólanámskrá hvers skóla skal taka mið af aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta (2011) og námsgreinahluta (2013) (námssviðin átta), en þar sem hún veitir ekki leiðbeiningar taka við viðmið sveitarfélagsins sem koma hér fram.

Skól Stefna Hafnarfjarðar og áherslur sveitarfélags: Skól Stefna Hafnarfjarðar markar stefnu sveitarfélagsins í málefnum grunnskóla. Viðmiðin hér birta frekari sjónarmið og áherslur sveitarfélags um framkvæmd skól starfs á grunni aðalnámskrár.

Skól starf í Hafnarfirði og skólanámskrá: Meginsjónarmið í skólanámskrágerð í grunnskólum Hafnarfjarðar er að allir grunnskólar fylgi áherslum aðalnámskrár á hverjum tíma. Skólanámskráin er gæðahandbók hvers grunnskóla og er yfirlýsing hans um það hvert nám nemenda og kennsla skólans stefnir hverju sinni.

Samhæfni skólanámskrár í Hafnarfirði: Á grunni ábyrgðar skóla um gerð skólanámskrár leggur Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar fram leiðbeiningar og stuðning við skólanámskrárgerð einstakra skóla. Það gerist með viðmiðum sem styðja við stjórnsýslulega ferla, námskeiðahaldi og öðrum gögnum. Markmið þess er að styrkja skólana í skólanámskrárgerð til að hjálpa þeim að sýna fram á gæðin sem í skólaasrarfinu felast. Skólanámskráin er gæðahandbók hvers skóla í Hafnarfirði undir stjórnsýslulegri ábyrgð skólanefndar bæjarins á hverjum tíma.

Samstarf og samráð um viðmið fyrir skólanámskrárgerð: Í meginatriðum er skólanámskrárgerð einstakra grunnskóla á ábyrgð stjórnenda þeirra í samræmi við lög og reglugerðir um skólastarf. Skólaskrifstofan hefur það verkefni að styðja við skólanámskrárgerð skólanna við að útfæra skólanámskrárgerðina í samræmi við áherslur aðalnámskrár. Samstarf og samráð er lykilatriði við skólastjórnendur um gerð skólanámskrár einstakra skóla í samvinnu við fagfólkið í skólunum.

Uppbygging skólanámskrár: Skólanámskrár allra grunnskóla Hafnarfjarðar skulu settar upp sem tíu bekkjarnámskrár í heildstæðum grunnskóla með sömu uppbyggingu, þessa:

I. hluti kynnir menntastefnu skólans.

II. hluti um þætti sem eru sameiginlegir fyrir allan árganginn óháð námssviðum.

III. hluti um nám á einstökum námssviðum og námsgreinum.

Viðauki er við skólanámskrána með upplýsingum sem eru sameiginlegar fyrir allan bæinn og því allt skólasamfélagið í bænnum með kynningu og viðmiðum fræðslufirvalda bæjarins.

Sameiginlegt form/snið skólanámskrár: Til viðbótar ofangreindri uppbyggingu á skólanámskrá noti skólar form sem Skólaskrifstofan leggur til. Tilgangur þess er að hjálpa skólum að starfa í samræmi við nýja aðalnámskrá, skilgreina vel eigin sérstöðu og sýna fram á gæði skólastarfsins. Sameiginlegt form skólanámskrár fyrir Hafnarfjörð á að geta nýst öllum til að sérstaða hvers skóla komi fram sem birtist skýrt sem stefna hvers grunnskóla og hefti ekki möguleika hans til að þróa skólastarfið á skapandi og fjölbreyttan hátt innan ramma aðalnámskrár.

Sérstaða skóla og skólanámskrá: Í skólanámskrá skal hver skóli kynna sérstöðu sína og gildi sem móta kennslufræðilega og uppeldislega sýn skólastarfsins. Sérstaða skóla komi þá fram í skólanámskrá er varðar kennslufræðilegar áherslur hjá starfsfólki hans innan ramma aðalnámskrár, nýtingu valstunda innan viðmiðunarstundaskrár, samsetningu og inntaki námsgreina innan námssviða í hverjum árgangi og kennslufræðilegum áherslum í daglegri starfsemi skóla.

Kynning og staðfesting skólanámskrár: Skólanámskrá næsta skólaárs skal lögð fram til kynningar í skólaráði hvers skóla í júní og skal staðfest í skólanefnd (fræðsluráði Hafnarfjarðar) í ágúst ár hvert. Skólanámskráin skal kynnt foreldrum í hverjum árgangi í upphafi hvers skólaárs, birt á vef skóla og dreift til foreldra á rafrænu formi.

Skjalavarðveisla: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar annast varðveislu á skólanámskrám grunnskólanna í Hafnarfirði í skjalakerfi bæjarins í samræmi við opinbera skjalavörslu og reglur bæjarins.

## Viðauki B: Viðmiðunarstundaskrá og viðmið

Viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla (2011, bls. 50-51) er grundvöllur náms, kennslu og skipulags til inntaks á skólastarfi grunnskóla. Viðmiðunarstundaskrá segir til um hvernig tími nemenda í skóla skiptist eftir námssviðum (þ.m.t. námsgreinar) og aldri nemenda og er eftirfarandi:

Námsgreinar – Námssvið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Minútur á viku	Hlutfall
Íslenska, Íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknumál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /val	300	160	870	1.330	9,90%
<b>Alls</b>	<b>4.800</b>	<b>4.200</b>	<b>4.440</b>	<b>13.440</b>	<b>100%</b>

„Erlend tungumál. Undir þau heyra enska og danska þar sem gert er ráð fyrir að enska sé fyrsta erlenda tungumálið og danska, norska eða sænska annað erlenda tungumálið.

List- og verkgreinar. Undir listgreinar heyra tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmenn og heimilisfræði. Þessi tvö svið skulu hafa jafnt vægi innan heildartímans.

Náttúrugreinar. Undir þetta svið heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, efnafræði, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismenn.

Skólaíþróttir. Undir þetta svið heyra m.a. íþróttir og sund.

Samfélagsgreinar. Undir þær heyra m.a. samfélagsfræði, saga, landafræði og þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði ásamt heimspeki.

Upplýsinga- og tæknimennt. Undir þetta heyrir m.a. miðlamenn, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni.

Til ráðstöfunar/val. Undir þetta heyra ráðstöfunarstundir skóla, einkum í 1.–7. bekk og val nemenda í 8.–10. bekk.



Út frá áhersluþáttum námskrár í lögum skal hafa jafnvægi milli bóklegs náms og verklegs og þess gætt að ekki halli á verklegt nám þegar skólastarf er skipulagt. Það á einnig við um skipulag valnámskeiða. Því er gert ráð fyrir að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verktengdu námi. Hafa ber grunnþætti menntunar, áhersluþætti í aðalnámskrá og lykilhæfni til viðmiðunar við útfærslu allra námssviða og námsgreina. Auk þeirra námgreina og námssviða, sem tilgreind hafa verið í viðmiðunarstundaskrá, er gert ráð fyrir nokkrum þverfaglegum þáttum, s.s. nýsköpun, frumkvöðlameint og nýmiðlun.“

Viðmiðunarstundaskrá fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar er gefin upp sem sýnishorn og dæmi fyrir mögulega útfærslu á aðalnámskrá grunnskóla (2011). Hún tekur mið af því að eftir er að útfæra námsgreinar innan námssviða sem eru þá útfærsla einstakra skóla (sjá skýringar hér aftar) og skipting valstunda hefur ekki verið útfærð. Þetta er aðallega sett fram í þeim tilgangi að sýna skólum fram á mögulega útfærslu sem gengur upp (heildartímafjöldi í hverjum árgangi á móti tímafjölda sem er ætlaður í hvert námssvið á 10 ára grunnskólagöngu) og til að kynna öllum lágmarkstímafjölda í námssviðum sem nú eru í gildi samkvæmt aðalnámskrá. Það er ekkert sem útlakar aðrar útgáfur viðmiðunarstundaskrár hjá einstaka skólum nái forsendur aðalnámskrár að ganga upp, þ.e. lágmarkstímafjöldi námssviða á 10 ára tímabili á móti heildartímafjölda í hverjum bekk/árgangi. Framsetningin hér er almenn útfærsla á mínútum úr aðalnámskrá grunnskóla í kennslustundir sem hver er 40 mínútur en skólum er að sjálfsögðu heimilt að hafa eigin útfærslu á tímalengd kennslustunda í daglegri stundatöflu:

Tafla 1: Lágmarkstímafjöldi í námssviðum í gegnum grunnskólann í jafndreifingu.

	1. bk.	2. bk.	3. bk.	4. bk.	5. bk.	6. bk.	7. bk.	8. bk.	9. bk.	10. bk.	Alls
Íslenska	7	7	7	7	6	6	5	5	5	5,75	60,75
Er. tung.	0	0	0	2	3	3	5,5	7	7	7	34,5
List./verk.	6	6	5	5,5	7	8	6	3	3	2,5	52
Nátt.gr.	3	2,5	3	2	3	3	2,5	3	3	3	28
Samf.gr.	4	3,5	4	3	5	5	5	3	3	3	38,5
Skólaþpr.	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	30
Stærðfr.	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	50
UST	0	1	1	1	1	1	2	1	1	0	9
Val	2	2	2	1,5	2	1	1	7	7	7,75	33,25
Samt.	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37	326

Viðmið um nám og kennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar:

Viðmið Aðalnámskrár um tímafjölda: Skólastarf hvers skóla skal taka mið af Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta (2011) og námsgreinahluta (2013), sem lágmark en þar sem hún veitir ekki leiðbeiningar eða viðmið gilda viðmið sveitarfélagsins sem komu hér neðar.

Tafla 2: Náms svið, námsgreinar og hlutfall þeirra innan náms sviðs.

Náms svið	Námsgreinar innan náms sviðs	Hlutfall námsgreina innan hvers náms sviðs í grunnskóla
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	Hver námsþáttur skal ekki fá minna en 15% náms tímans.
2. Erlend tungumál	2.1. Enska 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	Enska fái ekki minna en 55% og danska ekki minna en 35% náms tímans.
3. List- og verkgreinar	A Listgreinar (50%): 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt B Verkgreinar (50%): 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	Hver námsgrein innan list- og verkgreina fái ekki minna en 10% náms tímans.
4. Náttúrugreinar	4.0. Náttúrufræði (100%) (eða) 4.1. Eðlis- og efnavísindi 4.2. Jarð- og stjörnufræði 4.12. Lífvísindi 4.14. Umhverfismennt	Hvor námsgrein fái ekki minna en 15% náms tímans en sé námsgreinin náttúrufræði (yngsta stig) fái hún 100%.
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund	Íþróttir fái 67% og sund 33% náms tímans.
6. Samfélagsgreinar	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landfræði, saga og sam- /þjóðfélagsfræði	Hver námsgrein fái ekki minna en 20% náms tímans.
7. Stærðfræði	7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar 7.2. Tölur, reikningur og algebra 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	Hver námsgrein fái ekki minna en 20% náms tímans.
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	Hvor námsgrein fái ekki minna en 35% náms tímans.
9. Val	9.1. Valgrein 1 9.2. Valgrein 2 o.s.frv.	Skipulag, inntak og fjöldi valgreina er algjörlega í höndum hvers skóla.

Viðmiðunarstundaskrá: Stundaskrár grunnskólanna í Hafnarfirði skulu taka mið af viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár sem lágmarksstundaskrá um heildartímafjölda í einstaka árgöngum og á einstaka námssviðum (sbr. töflu hér ofar).

Viðmiðunarstundaskrá skóla, val og námsgreinar: Einstaka grunnskólar í Hafnarfirði fá úthlutað tímamagni til kennslu á öllum námssviðum á jafnræðisgrundvelli. Hver skóli skal skipuleggja námsgreinar innan hvers námssviðs í samræmi við ofangreinda skiptingu námsgreina innan hvers námssviðs. Hver skóli skal skilgreina eigin grunn að viðmiðunarstundaskrá á hverju skólaári, þ.e. hver skóli getur breytt eigin skólanámskrá árlega, með því að afmarka valtíma í 1.-7. bekk á önnur námssvið (eða jafnvel sem sérstakar námsgreinar) og afmarka tíma í námsgreinar innan námssviða í samræmi við ofangreinda töflu.

Úthlutun almennra kennslutíma: Grunnskólar í Hafnarfirði fá úthlutað kennslutímum til almennrar kennslu í samræmi við viðmið aðalnámskrár grunnskóla og sveitarfélags sem miða að jöfnuði meðal grunnskólanemenda. Í því felst að allir grunnskólar hljóta tímaúthlutun á grundvelli jafnræðisreglna í samræmi við fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar á hverjum tíma. Það er síðan einstakra skóla að skipuleggja kennslu á einstaka námssviðum (námsgreinar meðtaldar) í einstaka árgöngum í samræmi við viðmið aðalnámskrár og bæjarins líkt og þessi viðmið tilgreina.

Úthlutun sértækra kennslutíma: Grunnskólar í Hafnarfirði fá úthlutað kennslutímum til sérkennslu í samræmi við metnar þarfir á grundvelli fjárhagsáætlunar bæjarins á hverjum tíma. Skólaskrifstofan úthlutar fjármagni til sérkennslu í einstaka skóla og sérúrræði undir verkstjórn sviðsstjóra fræðsluþjónustu/fræðslustjóra á hverjum tíma. Skólar meta kennsluþarfir nemenda sinni og forgangsraða fjármagni til sérkennslu innan skóla með skipulagi sem þeir sjálfir ákveða að henti best til að mæta þörfum nemenda og forgangsraða verkefnum í samræmi við það.

## Viðauki C: Menntastefna skóla og viðmið

Skólastarf grunnskóla byggir á lögum og reglugerðum sem miða að því að veita öllum börnum á Íslandi starf í grunnskóla sem færir þeim sem sambærilegust gæði um leið og að mæta ólíkum þörfum þeirra og mismunandi aðstæðum. Í þeim skilningi er skólastarf samfélagslegt verkefni sem nær til allra íbúa landsins. Þess utan er gert ráð fyrir að hver skóli hafi ákveðna ábyrgð í því að skapa sér sérstöðu á grunni aðalnámskrár. Þessi sýnileiki getur verið útfærður margvíslega, hann skal taka mið af aðstæðum einstakra skóla og byggja á grunnstefnu skólans sem nefnd er menntastefna.

Á þeim grunni eru eftirfarandi viðmið um stefnu skóla og samfélagslega ábyrgð:

Sérstaða skóla: Hver grunnskóli í Hafnarfirði skal skilgreina eigin sérstöðu með afmörkun á eigin stefnu í nokkrum þáttum skólastarfsins sem skilgreind séu í skólanámskrá að kröfu aðalnámskrár grunnskóla (2011); nefnd menntastefna skóla.

Menntastefna skóla skilgreind: Viðmið um stefnu skóla er að þar komi fram áherslur skóla um gildi/leiðarljós og uppeldis- og kennslufræðilega sýn skóla þar sem áherslur grunnþáta menntunar í aðalnámskrá og aðrir þættir sem skóli telur æskilegt að hafa stefnu um og er í samræmi við lög, reglugerðir og opinberar reglur um grunnskólastarf.

Tengsl og samstarf við nærumhverfi: Hver skóli skal hafa stefnu um tengsl og samskipti við nærumhverfi sitt. Í því felast tengsl við náttúrulegt, félagslegt og menningarlegt umhverfi skóla. Þá skulu skólar sérstaklega skilgreina vel verkefni sín, tengsl og samstarf við leikskóla og framhaldsskóla. Sveitarfélagið getur einnig lagt þar til frekari viðmið um slíkt samstarf og tengsl en einnig hvernig það hyggst styðja og efla slíkt samstarf.

Samstarf heimila og skóla: Mikilvægur þáttur skólastarf er að góð tengsl séu við heimili nemenda um nám og velferð barna. Í þeim tilgangi er mikilvægt að skýr viðmið séu um samstarf við heimili nemenda. Skólar skulu marka sér stefnu um samstarf við heimilin og í kjarnanámskrám skal kynna þær leiðir og viðfangsefni sem unnið er með í hverjum bekk/árgangi. Hver skóli gefur þá út starfsáætlun og þar skulu vera nánari upplýsingamiðlun til heimila nemenda um verklag, skipulag og vinnubrögð í skólstarfi sem styðja við nám og kennslu allra nemenda.

Forvarnir í grunnskólstarfi: Forvarnir í skólstarfi grunnskóla miða að almennri velferð fyrir alla nemendur og tryggja þeim sem mest öryggi í skólstarfi. Í þeim tilgangi leggur sérfræðipjónusta (sveitarfélagsins við) grunnskóla til sérstök viðmið um almennar forvarnir í grunnskólum Hafnarfjarðar um frekari verkferla og aðgerðir sem miða að öryggi í skólstarfi. Almennar forvarnir í skólstarfi skal samþætta og tengja sem mest grunnþáttum menntunar og viðfangsefnum einstakra námssviða eins og kostur er og eðlilegt er á hverjum tíma sem fái birtingu í einstaka námsgreinum.

## Viðauki D: Grunnþættir menntunar og viðmið

Eitt meginatriði í menntastefnu nýrra laga um grunnskóla er áherslan á grunnþætti menntunar sem kynntir eru sérstaklega í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 14-22):

„Þessir grunnþættir eru:  
læsi,  
sjálfbærni,  
heilbrigði og velferð,  
lýðræði og mannréttindi,  
jafnrétti,  
sköpun.

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér. Námsgreinið geta verið sérhæfing í viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig.

Grunnþættirnir fléttast inn í aðalnámskrár á öllum skólastigum og fyrirmæli hennar um allt skólastarfið:

Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks skal mótast af grunnþáttunum.

Starfshættir og aðferðir, sem börn og ungmenni læra, eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina.

Vinnubrögð kennara og annarra, sem starfa í skólum, eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í skólastarfi.

Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild.“

Grunnþættir menntunar tengja þannig saman verkefni dagslegs skólastarfs, kennslu einstakra námsgreina og samhengi námssviðanna. Tafla er hér neðar skýrir ýmsa þætti og atriði sem heyra undir hvern grunnþátt fyrir sig og er viðfangsefni sem á að birtast í grunnskólastarfinu þvert á námsgreinar. Hún er samantekt úr aðalnámskrá grunnskóla (2011) til að ná utan um margvíslegar áherslur þaðan án þess þó að teljast vera fullkomin samantekt og því sé rými til frekari mótunar eða þróunar í skólum. Taflan er til leiðbeiningar skólum til að móta grunnþætti menntunar í skólanámskrá.

Tafla: Grunnþættir menntunar og efnisþættir einstakra grunnþátta í skólastarfinu

Grunnþáttur	Efnisþættir grunnþátta menntunar skv. aðalnámskrá grunnskóla (2011):
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	Lýðheilsa byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það er áhersla á heilbrigða hreyfingu og hollt mataræði, geðvernd, forvarnir gegn vímuefnaneyslu, kynheilbrigði og aðrir þættir sem stuðla að heilbrigði og velferð nemenda til jákvæðrar sjálfsvitundar og vinna gegn áhrifum fíknar á einstaklinga í hvaða mynd sem hún kann að birtast. Samstarf við heimilin er ekki síst mikilvægt um þennan þátt og mikilvægt að byggja upp hefðir og vana til jákvæða og heilbrigðra lífsviðhorfa sem stuðla að þroska nemenda í átt til jákvæðrar sjálfsmyndar. Þar er skólinn mikilvæg fyrirmynd til heilbrigðis og velferðar með starfsháttum sínum, kennsluháttum og tilboðum til nemenda. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í námsgreinum skólans og í sérstöku samstarfi við stoðþjónustu skólans varðandi einstaka nemendur í gegnum nemendaverndarráð og önnur teymi í skólastarfinu.
Grunnþáttur	Efnisþættir grunnþátta menntunar skv. aðalnámskrá grunnskóla (2011):
JAFNRÉTTI	Jafnrétti gegn hvers konar mismunun á grunni fötlunar, aldurs, trúar, kynhneigðar, lífsskoðana, litarháttar, ætternis, búsetu, stöðu, þjóðernis, kynþáttar og kyns. Virðing, umburðarlyndi, víðsýni, friður og að rækta hæfileika sína og gagnrýni á viðhorf í samfélagi og menningu eins og þau snúa að jafnrétti. Jafnréttismenntun með áherslu á kyn og kynhneigð. Fjölmennung, tungumál, menning og uppbygging skólasamfélags án aðgreiningar eru sömuleiðis þættir í jafnrétti. Jafnréttismenntun felur þá í sér jafnrétti varðandi námsmöguleika, námsefni, kennsluáferðir og námsumhverfi auk réttar til náms- og starfsráðgjafar í skólanum. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans.
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTT-INDI	Lýðræðisleg vinnubrögð og þátttaka, uppbygging lýðræðislegs samfélags (siðgæðisvitund, félagsvitund, borgaravitund), samvinna og hjálpsemi, virðing og umburðarlyndi, manngildi og umhyggja og réttindi barna og skyldur eru hluti þess að byggja upp samábyrgt og sjálfbært samfélag. Sömuleiðis rökhugsun og gagnrýnin hugsun á grundvelli siðfræði um siðferðilegt lífverni og varnir gegn hvers konar ofbeldi í skólastarfinu sem skal endurspeglast í skólabrag skólans og skýrum skólareglum sem vernda gegn brotum á sjálfsögðum réttindum nemenda og starfsfólks. Það er hluti kennslu og náms að tileinka sér lýðræðislega hugsun og vernda mannréttindi sem liður í tileinkun lýðræðislegs gildismats fyrir samfélagsuppbygginguna. Lífsleikni er viðfangsefni í lýðræðislegum skólum. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans.
LÆSI	Viðfangsefnið læsi miðar í víðum skilningi að hæfni einstaklings að verða læs á umhverfi sitt með því að ráða við margvísleg skilaboð sem honum og bregðast við þeim á jákvæðan hátt. Það snýst á margan hátt um námslega færni til að tileinka sér hæfni sem liggur til grunni í flestum námsgreinum skólans sem nemandi geti nýtt sér í daglegu lífi eins og hæfir aldri hans og þroska, t.d. lestrarfærni,

	talnalæsi, tölvulæsi, menningarlæsi, myndlæsi, fjármálalæsi, upplýsingalæsi, samskiptalæsi, tilfinningalæsi og fleira. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans.
SJÁLFBÆRNI	Sjálfbær þróun, breytingar og framþróun og skynsamleg nýting náttúruauðlinda. Ferlar, lögmál og hringrás náttúrunnar, vistfræði, umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og líffjölbreytileiki eru einstök viðfangsefni hér. Áherslur eru á jöfnuð, sameiginleg lífsskilyrði, frið og lífsgæði. Hnatræn áhrif, efnahagsþróun og sameiginlegt vistkerfi jarðar falla einnig hér undir. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans.
SKÖPUN	Forvitni, athafnaþrá, frumkvæði, frumleiki, uppgötva, njóta, áhugi, víkja ímyndunarafl, leika sér, áskorun, spenna og leit, list- og verknám, nýsköpun og frumkvöðlanám er þættir eða viðfangsefni sem heyra til sköpunarþættinum. Sköpunarkraftur, innsæi og hagnýting skapandi hugmynda til mótunar viðhorfa og gildsmats skal takast á við samræðu um gagnrýna hugsun í daglegu skólastarfi. Sköpun er mikilvæg sem þáttur leiks í námi sem miðar að velferð nemenda til að þroskast sem heildstæðir einstaklingar í lýðræðislegu samfélagi. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans.

Viðmið um grunnþætti menntunar í grunnskólum Hafnarfjarðar eru:

Viðmið aðalnámskrár: Grunnþættir menntunar í skólanámskrá hvers skóla skal taka mið af aðalnámskrá grunnskóla (2011) en þar sem hún veitir ekki leiðbeiningar eða viðmið gilda frekari viðmið sveitarfélagsins sem koma hér áfram til að skólar geti kynnt skýrt eigin stefnu.

Grunnþættir menntunar og skólanámskrá: Hver skóli skal setja sér stefnu um grunnþætti menntunar sem skulu birtast sem hluti af stefnu skóla í skólanámskrá. Sömuleiðis skal skólanámskrá hvers skóla skilgreina áherslur og meginatriði í grunnþáttum menntunar í hverjum bekk/árgangi.

Grunnþættirnir og forvarnir í grunnskólastarfi: Grunnþætti menntunar gefa forvörnum í skólastarfi grunnskóla nýtt samhengi í því að þar megi samhæfa nám og skólastarf. Forvarnir miða að almennri velferð og vellíðan fyrir alla nemendur og að tryggja þeim sem mest öryggi í skólastarfi. Í þeim tilgangi leggur sérfræðipjónusta (sveitarfélagsins við) grunnskóla til sérstök viðmið um almennar forvarnir í grunnskólum Hafnarfjarðar um frekari verkferla og aðgerðir sem miða að velferð nemenda og öryggi í skólastarfi. Almennar forvarnir í skólastarfi skal samþætta og tengja sem mest grunnþáttum menntunar með því að samhæfa námi og kennslu allra námssviða í öllum árgöngum. Viðmið um fræðslu um almennar forvarnir í tengslum við grunnþættina er að finna í töflu hér neðar. Töflunni er ætlað að hjálpa skólum að skilgreina og útfæra vissar forvarnir í samspili við ákveðna grunnþætti sérstaklega svo forvarnir fái frekari útfærslu í bekkjarnámskrám. Taflan er þó aðeins grunnútfærslur sem hver skóli þarf að skilgreina nánar út frá eigin áherslum og aðalnámskrár með stuðningi viðmiða sveitarfélags. Í töflunni er form fyrir skóla til að skilgreina samhengi forvarna og grunnþátta (x í viðeigandi reitum).

Tafla: Forvarnasvið/-flokkar og tengsl við grunnþætti menntunar

Svið ↓	Forvarna- flokkar ↓	Grunn- þáttur: →	Heilbrigði og velferð	Jafnrétti	Læsi	Lýðræði og mannréttindi	Sjálfbærni	Sköpun
I. Einstaklingur	1. LÝÐHEILSA		x	x	x	x	X	x
	2. SJÁLFSRÆKT		x	x	x	x	X	x
	3. VÍMUVARNIR		x		x		X	
II. Félagslegt umhverfi	4. OFBELDI	<i>einelti</i>	x	x		x		
		<i>kynferðislegt ofbeldi</i>	x	x		x		
		<i>fordómar og mismunun</i>	x	x		x		
		<i>vanræksla</i>	x	x		x		
III. Náttúrlegi umhverfi	5. ÖRYGGISVARNIR		x		x	x	X	



## Viðauki E: Námssvið, námsgreinar og viðmið

Nám í grunnskóla felur í sér að kennsla og starfsemi skóla miði að því að aðstoða nemanda í námi svo hann fái kennslu og aðstoð við hæfi þau tíu ár sem hann stundar nám í grunnskóla. Það er sameiginlegt verkefni skóla og heimilis. Við kennslu á námssviðum, og einstökum námsgreinum innan þeirra, skal taka mið af viðmiðunarstundaskrá (sjá kafla III.1 hér framar).

Samkvæmt aðalnámskrá skal kennsla í grunnskóla miðast tímalega við átta námssvið, og talsvert fleiri námsgreinar innan þeirra. Fyrir hvert námssvið í bekkjarnámskrá skal skilgreina viðmið um námshæfni.

Það er verkefni hvers skóla að bjóða nemendum upp á nám við hæfi svo kennsla og önnur starfsemi í skóla miði að því að ólíkir nemendur geti tileinkað sér nauðsynlega hæfni með sem fjölbreyttustum leiðum eins og nemendur hafa þörf fyrir og getu til. Í því felst að ábyrgð skóla/kennara er að haga störfum sínum þannig að nemendur eigi sem auðveldast að tileinka sér umrædda hæfni. Þar má ræða um fjölbreytni í kennsluaðferðum (sýna, gera sjálfur, rannsaka o.s.frv.), margvíslegt kennsluefni (mis þungt, mis ítarlegt, mis langt o.s.frv.), margþætt kennslugögn (bækur, myndefni, hljóðefni, vefefni o.s.frv.) og ólíkar kennsluáðstæðum (inni, úti, skólastofa, söfn, íþróttasalur o.s.frv.) sem er hluti starfsskyldna hvers kennara að skipuleggja til að námið nýtist sem best miðað við áðstæður nemenda með viðeigandi ábyrgð þeirra á hverjum tíma og eftir viðfangsefnum.

Viðmið um námssvið, námsgreinar og einstaklingsmiðun í námi í grunnskólum Hafnarfjarðar:

Viðmið aðalnámskrár: Viðmið aðalnámskrár grunnskóla er að skólastarf grunnskóla skuli stefna að því að hver nemandi fái nám við hæfi á sinni tíu ára grunnskólagöngu þar sem námssvið aðalnámskrár í gegnum námsgreinarnar leggi til viðfangsefni sem gefi nemendum möguleika til að efla hæfni sína.

Námssviðmið: Skólastarfið fer fram í gegnum skilgreindan tímaffjölda í einstökum námssviðum í samræmi við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár, almenns hluta (2011). Fyrir hvert námssvið í hverjum bekk/árgangi eru skilgreind námshæfniviðmið og sömuleiðis matsvið fyrir þau sem taka mið af matskvarðanum A-D (sjá hér aftar). Námshæfniviðmiðin í einstaka námssviðum í öllum bekkjarnámskrám taka mið af viðmiðum námssviðanna í 4., 7. og 10. bekk aðalnámskrár, greinahluta (2013). Í hverjum skóla skal útfæra námshæfniviðmið í öllum námssviðunum átta í öllum bekkjarnámskrám í samræmi við áherslur skólans og viðmiðunarstundaskrá hans, þ.e. ef viðkomandi námssvið er ekki kennt í viðkomandi árgangi er ekki nauðsynlegt að skilgreina námshæfniviðmið í viðkomandi bekkjarnámskrá. Ekki er lagst gegn því að einstakar námsgreinar skilgreini eigin námshæfniviðmið telji þær það henta betur til viðbótar námshæfniviðmiðum námssviðsins (sbr. list- og verkgreinar í aðalnámskrá grunnskóla, greinahluta 2103). Slíkt er val í hverjum skóla.

Flokkun námshæfniviðmiða: Námshæfniviðmið geta verið margvísleg og mismörg eftir námssviðum. Gerð er sú krafa að grunnskólar í Hafnarfirði flokki námshæfniviðmið á grunni faglegra forsenda, þ.e. velji á milli efnisflokkunar (mismunandi eftir námssviðum) eða flokkunar á grunni hæfnishugtaksins (þekking, leikni, viðhorf) sjálfs innan hvers námssviðs. Val um flokkun er ákvörðun innan hvers námssviðs innan hvers skóla í samræmi við stefnu skóla. Sjá nánar næsta kafla.

Námssgreinar og lýsingar þeirra: Innan hvers námssviðs skal skilgreina námssgreinar, mismargar eftir atvikum og eðli námssviða. Þær skulu hafa samræmda uppbyggingu í skólanámskrá allra skólanna í Hafnarfirði, hvort sem námssgrein er kennd stök út af fyrir sig eða er samþætt öðrum námssgreinum í daglegu skólastarfi. Hafnarfjörður setur lágmarksviðmið um tímafjölda í einstaka námssgreinum í hverju námssviði innan tíu ára grunnskólanáms til að tryggja lágmarksgæði í skólastarfi fyrir alla nemendur í bænum. Hver skóli skal hafa möguleika á að skapa sér eigin sérstöðu í kennslu einstakra námssgreina (m.a. viðfangsefni) innan hvers námssviðs í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, almennan hluta (2011) og greinahluta (2013) og stefnu bæjarins, þ.e. velja í hvaða námssviðum hvar hann fer umfram lágmark aðalnámskrá með notkun á valgreinum. Uppbygging námssgreinalýsinga hefur fasta uppbyggingu sem í öllum tilvikum skal útfæra í öllum námssgreinum í öllum árgöngum (allt að tvær bls. A-4 á námssgrein að öllu jöfnu).

Einstaklingsnámskrá: Í sumum tilvikum hentar kjarnanámskrá ekki fyrir einstaka nemendur árgangs. Í slíkum tilvikum metur skóli, í samráði við foreldra, hvort nemandi fái persónulega námskrá, hér eftir nefnd einstaklingsnámskrá. Nemendur sem eru í sérúrræðum (sérdeildum, sérskólum) hafa alltaf einstaklingsnámskrár. Sér snið einstaklingsnámskrár er til fyrir Hafnarfjörð sem grunnur en það er síðan hvers skóla að útfæra snið eða form að einstaklingsnámskrá fyrir sína nemendur. Hver nemandi sem fær kennslu sem er miðuð er að honum sérstaklega og ekki er bara stuðningur við að tileinka sér kennslu og nám samkvæmt námskrá síns árgangs skal fá sína einstaklingsnámskrá. Einstaklingsnámskrá nemanda skal gerð fyrir hvert skólaár fyrir sig, endurskoðuð svo oft sem þurfa þykir innan þess og form hennar getur jafnframt verið nýtt sem kennsluáætlun og skýrsla um námið yfir viðkomandi skólaár með viðeigandi skráningum og viðmiðum/markmiðssetningu. Einstaklingsnámskrá er persónuleg námskrá og aðeins ætluð viðkomandi og varðveitist sem trúnaðargagn um nemanda líkt og önnur trúnaðargögn. Skólanámskrá og kennsluáætlanir: Kennsluáætlanir er verkáætlanir (daglegar, vikulegar, mánaðarlegar, annarlegar o.s.frv.) sem kennarar/árgangar vinna til að skipuleggja nánar á hagkvæman hátt daglegt skólastarf. Það er ákvörðun innan hvers skóla hvernig er háttáð með kennsluáætlanir almennt, fyrirkomulag skal kynnt foreldum í starfsáætlun skóla og birtar í samskiptakerfi heimilis og skóla eins og hver skóli skilgreinir sína ferla þar um. Skólar þurfa ekki að skila kennsluáætlunum til Skólaskrifstofu samhliða skólanámskrám í staðfestingarferli. Nánar er fjallað um uppbyggingu kennsluáætlana í starfsáætlun skóla. Gert er ráð fyrir að kennsluáætlun hafi uppbyggingu eitthvað í þessa átt:

Dagur/vika/ mánuður	Viðfangsefni í námi	Námssgögn	Áherslupættir út frá viðmiðum um hæfni

Skjalavarsla og námskrár: Einstaka grunnskólar bera ábyrgð á því að varðveita einstaklingsnámskrár alla grunnskólagöngu nemanda í samræmi við opinbera skjalavörslu og reglur Hafnarfjarðarbæjar. Sömuleiðis ber skólum að varðveita kennsluáætlanir í samræmi við vörslu opinberra gagna og reglur bæjarins auk þess sem að þær séu aðgengilegar fyrir starfsfólk skóla. Skólanámskrár varðveita skólar sem sín vinnugögn á tölvukerfi skóla en Skólaskrifstofan annast stjórnsýslulega varðveislu í samræmi við opinberar reglur og reglur bæjarins.

## Viðauki F: Hæfni (lykilhæfni og námshæfni) og viðmið

Gæði eru meginverkefni grunnskólustarfs samkvæmt lögum um grunnskóla (2008, gr. 29). Gæðin í inntaki skólustarfsins eru skilgreind sem hæfni og er hún metin á grundvelli viðmiða. Hæfninni er skipt í tvo hluta, lykilhæfni og námshæfni, samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011). Lykilhæfni er metin í tengslum við aldur og er óháð einstökum námsgreinum sem slík. Námshæfni er metin í tengslum við nám nemenda á ákveðnum aldri á hverju námssviði og er því verið breytileg milli námssviða og mismunandi eftir námsgreinum innan námssviða.

### a. Lykilhæfni

Lykilhæfni er hæfni sem snýr að ýmsum mannlegum þáttum eða eiginleikum sem og samskiptum einstaklinga í milli þar sem íslensk menning í Lýðræðissamfélagi veitir ýmis æskileg gildi. Til frekari glöggvunar á lykilhæfninni er hún greind í fimm flokka. Þessir flokkar eru samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 53) til skýringar og afmörkunar í viðfangsefninu. Lykilþættirnir fimm eru:

Lykilþáttur	Skýring (bls. 53 í Aðalnámskrá grunnskóla, 2011)
<i>Persónuleg tjáning og skýr miðlun:</i>	Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökraðum.
<i>Skapandi, gagnrýnin hugsun með frumkvæði til lausna:</i>	Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áráðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.
<i>Sjálfstæði í verki og samvinna undir leiðsögn:</i>	Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
<i>Ábyrg þekkingarleit og gagnrýnin úrvinnsla:</i>	Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.
<i>Mat á eigin námi, vinnubrögðum og frammistöðu:</i>	Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

### b. Námshæfni

Námshæfni er sú hæfni sem tengist námi á einstökum námssviðum aðalnámskrár (og öllum námsgreinum innan hvers námssviðs). Aðalnámskrá skilgreinir námshæfni fyrir 4., 7. og 10. bekk en fyrir aðra árganga skilgreina skólar/kennarar viðmið um námshæfni í einstaka námssviðum. Í einhverjum tilvikum er valið að hæfniviðmið sé sér fyrir hverja námsgrein frekar en fyrir viðkomandi námssviðið í heild sinni sem er þá ákvörðun viðkomandi skóla. Námshæfni er hæfni sem snýr að tileinkun náms í einstaka námssviðum/námsgreinum. Hana má flokka á tvennan hátt:

út frá eðli hæfninnar sem þekkingu, leikni og viðhorf

út frá efnislegri sérstöðu námssviðs: talað mál, ritun, lestur og málfræði (íslenska).

Viðmið um hæfni, námshæfni og lykilhæfni, í grunnskólum Hafnarfjarðar:

Viðmið Aðalnámskrár: Grunnskólar Hafnarfjarðar skulu taka mið að stefnu og viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, almennum hluta (2011) og greinahluta (2013), um hæfni sem skiptist í námshæfni og lykilhæfni. En þar sem aðalnámskrá veitir ekki leiðbeiningar eða viðmið gilda frekari viðmið sveitarfélagsins sem koma hér áfram.

Námshæfni og viðmið: Aðalnámskrá grunnskóla, námsgreinahluti (2013), leggur til hæfniviðmið fyrir alla grunnskóla í skólustarfi 4., 7. og 10. bekkjar. Í skólanámskrá hvers

skóla skal koma fram hvaða hæfniviðmið gilda fyrir einstök námssvið í hverjum bekk/árgangi (bekkjarnámskrá). Námsþæfniviðmiðin skulu flokkuð í skólanámskrá grunnskólanna í Hafnarfirði eins fyrir hvert námssvið í öllum árgöngum innan eins skóla. Hver skóli skal hafa námshæfniviðmið fyrir öll námssvið sem kennd eru í viðkomandi bekk.

Flokkun námshæfniviðmiða: Námsþæfniviðmið geta verið margvísleg og mismörg eftir námssviðum. Gerð er sú krafa að grunnskólar í Hafnarfirði flokki námshæfniviðmið á grunni faglegra forsenda, þ.e. velji á milli efnisflokunar (mismunandi eftir námssviðum) eða flokkunar á grunni hæfnishugtaksins sjálfs (þekking, leikni, viðhorf) innan hvers námssviðs. Val um flokkun er ákvörðun innan hvers námssviðs innan hvers skóla í samræmi við stefnu skóla. Eftirfarandi eru dæmi um flokkunarmöguleikana á námshæfniviðmiðunum og eru sótt í aðalnámskrá:

Efnisflokkun hæfnipáttanna (sjá 4. bekkur, skólaípróttir í aðalnámskrá grunnskóla):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni	Þ	L	V
Líkamsvitund, leikni og afköst:	Við lok árgangs geti nemandi: Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.		x	
Félagslegur þættir:	Við lok árgangs geti nemandi: Unnið með tilfinningar sem því að vinna og tapa í leikjum.			x
Heilsa og efling þekkingar:	Við lok árgangs geti nemandi: Útskýrt líkamlegan mun á kynjum.	x		
Öryggis- og samskipta-reglur:	Við lok árgangs geti nemandi: Farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengisreglum sundstaða, ípróttahúsa og brugðist við óhöppum.		x	

eða hæfniflokkun efnisþátta (sjá 4. bekkur, samfélagsgreinar í aðalnámskrá grunnskóla):

Hæfnipættir:	Viðmið um námshæfni
Þekkingarviðmið:	Við lok árgangs geti nemandi: Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
Leikni- viðmið:	Við lok árgangs geti nemandi: Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
Viðhorfa- viðmið:	Við lok árgangs geti nemandi: Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.

Miðað er við að námshæfniviðmið fyrir hvert námssvið í hverri bekkjarnámskrá taki ekki meira rými en ein til tvær bls. A-4 í skólanámskrárformi.

Lykilhæfni og viðmið: Lykilhæfni, lykilþættirnir fimm, er metin í grunnskólum Hafnarfjarðar í öllum námssviðum (að lágmarki) í öllum árgöngum í lok hvers skólaárs frá skólaárinu 2015-2016. Aðalnámskrá grunnskóla leggur til viðmið fyrir lykilhæfni

fyrir 4., 7. og 10. bekk fyrir alla grunnskóla. Fyrir aðra árganga eru sameiginleg lykilhæfniviðmið fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar. Sömu lykilhæfniviðmið gilda fyrir öll námssvið (og því allar námsgreinar þess sömuleiðis) í hverjum bekk/árgangi í grunnskólum Hafnarfjarðar. Lykilhæfniviðmið, og matsviðmið þeirra, eru unnin og lögð fram sameiginlega fyrir alla grunnskóla Hafnarfjarðar sem afrakstur af fagvinnu kennara í bænum utan þeirra sem koma með aðalnámskrá. Það er síðan hvers skóla/kennara að skilgreina frekar áherslur og aðferðir til meta hvað sé viðeigandi lykilhæfni nemenda. Þannig er gert ráð fyrir að einhver breytileiki sé í aðferðum og samspili þeirra við mat á lykilhæfni eftir námssviðum og milli skóla.

Hæfni og námsmat: Um námsmat á hæfni, hvort sem það snýr að lykilhæfni eða námshæfni, er fjallað um í næsta kafla.

## Viðauki G: Námsmat, námsmatskvarðar og viðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) er það meginatriði að skólastarfið (bæði nám nemenda og framkvæmd skólastarfsins) sé metið. Til að hægt sé að meta slíkt á sanngjarnan hátt þurfi að leggja fram almenn viðmið um þá hæfni sem taka skal mið af þegar árangur/geta nemenda í skólastarfinu er metin. Aðalnámskráin ræðir þar bæði um mat á lykilhæfni og námshæfni líkt og fyrir hefur komið fram.

Til að hægt sé að meta árangur í námi þarf að hafa grunn til að byggja á við matið. Sá grunnur sem aðalnámskrá kynnir til þess eru viðmið; mat á grunni viðmiða. Þetta ferli að meta hæfnina er nefnt námsmat og má skipta námsmati yfir eitt skólaár í þrjá flokka:

*Leiðsagnarmat:* Sú leiðsögn sem fer fram á hverjum tíma í skólastarfinu sem miðar að því að hjálpa og leiðbeina nemendum að ná þeim viðmiðum sem lagt er upp með í námsferlinu (viðmið lokamats). Gerist gjarnan í daglegri samræðu skólastarfsins og við mat einstakra verkefna í dagsins önn.

*Stöðumat:* Samræða á ákveðnum tímamarki í námsferlinu til að ígrunda og velta fyrir sér hvernig námið gengur (að ná viðmiðum) og hvaða aðgerðir séu nauðsynlegar til að auka líkur á því að viðmiðum sé náð áður en lokamat fer fram. Gjarnan er rætt um foreldraviðtöl í skólastarfi í þessu samhengi, í upphafi skólaárs eða á ákveðnum tímamarki í náminu áður en að námslokum kemur (frá upphafi námsáfangs).

*Lokamat:* Felur í sér að meta hæfni nemenda í lok náms út frá hæfniviðmiðum.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (almennur hluti, 2011, bls. 54) skal mat á hæfni nemenda gerast með ákveðinni flokkun sem gefur til kynna hvort nemandi hafi náð umræddri hæfni sem stefnt er að hverju sinni. Þetta mat á hæfni skal vera skipt í fjóra flokka sem skýrt er með bókstöfunum A, B, C og D á eftirfarandi hátt:

Kvarði	Námssvið	Lykilhæfni
A	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Framúrskarandi hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.
B	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Góð hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.
C	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Sæmileg hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.
D	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni ábótavant.

Hver skóli hefur val um það hvort A-D matskvarðinn er nýttur í skóla fram að 10. bekk hvað varðar námshæfni en þá er hann skylda. Hver skóli kynnir síðan hver viðeigandi námshæfni er innan hvers námssviðs í hverri bekkjarnámskrá. Á grundvelli þess er lagt mat á getu nemanda í hverri námsgrein með prófum, verkefnamati, virkni og vinnubrögðum og/eða öðrum matsaðferðum til að átta sig á stöðu nemanda sem undirstöðu á grundvelli viðmiða á hæfni hans í lok skólaárs.

Viðmið um námsmat, og námskvarða í grunnskólum Hafnarfjarðar:

Viðmið Aðalnámskrár: Grunnskólar Hafnarfjarðar skulu taka mið að stefnu og viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, almennum hluta (2011) og námsgreinahluta (2013), um hæfnisviðmið um námshæfni og lykilhæfni í grunnskólum Hafnarfjarðar. En þar sem hún veitir ekki leiðbeiningar eða viðmið gilda frekari viðmið sveitarfélagsins sem koma hér áfram.

Mat á námshæfni (innan námssviðs og í námsgreinum hennar): Mat á námshæfni nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar í einstaka námsgreinum skal vera kynnt a.m.k. árlega í skriflegu formi (námsmatsskírteini) í öllum grunnskólum bæjarins við lok hvers skólaárs. Annað formlegt námsmat er ákvörðun skóla, þ.e. annarmat, í samræmi við stefnu skóla. Námsmat er hægt að gefa í einstaka námsgreinum námssviðs á hverjum tíma með þeim matskvörðum sem skóli ákveður (t.d. A-D, 0-10, orð eða önnur tákni). En sé eitt mat gefið fyrir allt námssviðið skal það gefið í matskvarðanum A-D eða A\*-D\* eftir atvikum (þar sem merkingin \* vísar til einstaklingsnámskrár og persónulegra námshæfniviðmiða en ekki viðmiða bekkjarnámskrár þess aldurs sem viðkomandi nemandi tilheyrir).

Mat í lykilhæfni (innan námssviðs): Mat á lykilhæfni nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar í einstaka námssviðum vera gerð og kynnt a.m.k. árlega í skriflegu formi (námsmatsskírteini) í öllum grunnskólum bæjarins við lok hvers skólaárs. Annað formlegt námsmat er ákvörðun skóla, þ.e. annarmat, í samræmi við stefnu skóla. Samræmd viðmið eru um lykilhæfni í öllum námsgreinum innan árgangs og þau eru sameiginleg fyrir alla grunnskóla Hafnarfjarðar sem grunnur mats í öllum skólum (en aðferðir skilgreindar innan hvers skóla á grundvelli fagmennsku í skólafarfinu), á matskvarðanum A-D. Miðað er við að mat á lykilhæfni sé gefið fyrir námssviðið eingöngu en þó geti einstök námssvið ákveðið að gefa sérstaklega fyrir námshæfni í einstökum námsgreinum innan skóla í samræmi við stefnu skóla.

Námsmatskvarðinn A-D og námssviðin: Í skólanámskrá hvers skóla skal koma fram hvaða námsmatskvarða skóli notar. Námsmatskvarðinn A-D er ævinlega notaður fyrir mat á hæfni nemenda á einstökum námssviðum en er ekki fyrir einstaka námsgreinar innan námssviðanna. Námsmatskvarðann A-D er skylt að nota fyrir námssviðin í 10. bekk frá vori 2015 en fyrir aðra bekkir er það val skóla hvort gefið sé mat fyrir námssviðið í heild sinni.

Námsmat í námsgreinum og námsmatskvarði: Fyrir einstaka námsgreinar geta skólar gefið nemendum námsmat sem prófaeinkunnir á sjálfvöldum skala, umsagnir eða önnur matsgjöf eftir því sem stefna skóla kveður á um svo framarlega sem slíkt brýtur ekki viðmið aðalnámskrár eða þessi viðmið. Mikilvægt er að skólar notist við fjölbreyttar matsaðferðir til að stuðla að því að nemendur fái sem sanngjarnast mat á eigin námi sem sýni á trúverðugan hátt hæfni þeirra.

Matsaðferðir í námsmati: Sérhver skóli skal kynna í stefnu sinni áherslur í námsmati og hvernig skólinn hyggst fara eftir viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla (2011, bls. 52-57) um námsmat, t.d. fjölbreyttar aðferðir í námsmati, reglulegt mat (símat), að námsmat nýtist til hvatningar og örvunar í námi og sé sem áreiðanlegast. Við lýsingar á framkvæmd einstakra námsgreina skal koma fram sem skýr lýsing á námsmati hennar sem gefi fullnægjandi upplýsingar um hvernig mat á náminu gerist. Ítarleg lýsing á einstaka matsaðferðum er ekki þörf svo framarlega að slíkt komi fram í almennri stefnu skóla um námsmat í skólanámskrá.

Námsmat við lok grunnskóla: Við lok grunnskóla skulu allir grunnskólar í Hafnarfirði gefa nemendum námsmat um hæfni í námi sem færi honum og öðrum (t.d.

framhaldsskólum) nægilegar upplýsingar um stöðu hans fyrir áframhaldandi nám og störf.

## **Lokaorð**

Skólanámskrá skólans, á grundvelli aðalnámskrár grunnskóla og viðmiða frá sveitarfélaginu á grunni faglegrar samvinnu í skólakerfi bæjarins, er lykilplagg í skólastarfi þeirra. Í því felst að skólanámskráin nái að lýsa þeim gæðum sem skólar (ætla að) standa fyrir. Það er von bæjaryfirvalda að skólanámskrá hvers skóla nái því að vera gæðahandbók sem stuðli að árangursríkri og ánægjulegri skólagöngu hvers barns í bænum. Við eigum ekki að setta okkur við neitt minna og það er hlutverk alls skólasamfélagsins að vinna að því. Með ósk um að þessi skólanámskrá stuðli að slíku með samvinnu allra sem að námi nemenda koma.